

Í dóminum áttu sæti Einar Arnalds borgardómari og meðdómsmennirnir dr. jur. Ólafur Lárusson og Lárus Fjeldsted hæstaréttarlögmaður.

Dómsorð:

Í aðalsök er viðurkenndur eignarréttur aðalstefndu, eigenda Vesturgötu 2, að framangreindri 115 fermetra skák, og telst hún hluti af lóðinni nr. 2 við Vesturgötu.

Í gagnsök skal gagnstefndi, bæjarsjóður Reykjavíkur, vera sýkn af kröfum gagnstefnenda.

Mánudaginn 15. febrúar 1960.

Nr. 144/1959. **Ákærvaldið** (Þorvaldur Þórarinnsson hdl.)

gegn

Reyni Hjaltasyni

(Einar B. Guðmundsson hrl.)

og

Sveinbirni Hjaltasyni (Jón Skaftason hdl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómamennirnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ármann Snævarr prófessor.

Eignaspjöll. Röskun á húsfriði. Líkamsárás. Þjófnaður. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir að dómur gekk í héraði, hafa framhaldspróf farið fram. Leitt hefur verið í ljós, bæði í þeim prófum og fyrri rannsókn málsins, að auk íbúðarhúss og útihúsa á Svartagili, sem brunnu til kaldra kola, fóru forgörðum mikil verðmæti í lausafé, sem geymd voru ýmist í íbúðarhúsinu eða útihúsum, þar á meðal allt það hey, sem aflað hafði verið um sumarið.

I. Ákærði Reynir Hjaltason.

Í sakadómi 5. nóvember 1957 lýsti ákærði Reynir því,

að hann hefði fundið reykjarlykt, þegar hann fór út úr innri ganginum. Í framhaldsprófum 11. febrúar 1960 kvaðst hann muna, að hann hafi verið í reyk og svælu, eftir að bifreiðinni R 6977 var ekið frá Svartagili, en geri sér ekki ljósa atburði.

Samkvæmt vætti Guðbjörns Einarssonar hreppstjóra var húsið á Svartagili alelda, þegar hann kom þangað, eins og rakið er í héraðsdómi, og var forstofan þá fallin. Styður það framburð ákærða Sveinbjörns um, að eldur hafi verið kveiktur í forstofunni.

Með framangreindum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, að því er varðar refsingu og réttindasviptingu ákærða Reynis Hjaltasonar.

II. Ákærði Sveinbjörn Hjaltason.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms er ákærði Sveinbjörn Hjaltason sannur að sök um brot þau, er þar greinir, gegn ákvæðum 217., 231. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og á þjófnaðarbrotið einnig undir 255. gr. sömu laga.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, tóku báðir hinir ákærðu hús á Markúsi bónda á Svartagili, skeyttu ekki skipun hans um að hverfa brott úr bænum, beittu hann ofríki og hröktu hann burt af heimilinu. Eftir að ákærðu voru orðnir einir eftir í húsinu, bar ákærði Reynir eld að því. Samkvæmt skýrslu ákærða Sveinbjörns hefur hann ekki gert viðhlítandi slökkviráðstafanir og hófst ekki handa um neinar virkar aðgerðir til björgunar verðmætum, þótt hann hafi átt þess kost að bjarga skepnum og ýmsum búsmunum án þess að leggja sjálfan sig í hættu, enda var hann þaulkunnugur húsakosti á bænum og þeim verðmætum, sem hér voru í húfi. Brýn björgunarskylda hvíldi á ákærða Sveinbirni vegna hættuástands þess, sem hann hafði átt þátt í að skapa, og tengsla hans við brot þetta að öðru leyti. Samkvæmt þessu varðar háttsemi hans við 2. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga og að sumu leyti við sama lagaákvæði sbr. 20. gr. nefndra laga.

Refsing ákærða Sveinbjörns samkvæmt hegningarlaga-greinum þeim, sem til hefur verið vitnað, sbr. 77. gr. laga nr. 19/1940, þykir hæfilega ákveðin fangelsi 2 ár. Svo ber og að staðfesta ákvæði héraðsdóms um réttindasviptingu hans og frádrátt gæzluvarðhaldsvistar. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað. Ákærðu ber að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, kr. 10.000.00. Ákærði Reynir greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, kr. 7500.00, og ákærði Sveinbjörn málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, kr. 7500.00.

Dómsorð:

Ákærðu, Reynir Hjaltason og Sveinbjörn Hjaltason, sæti hvor um sig fangelsi tvö ár.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda, frádrátt gæzluvarðhaldsvistar og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði Reynir greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Einar B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmans, kr. 7500.00. Ákærði Sveinbjörn greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Jóns Skaftasonar héraðsdómslögmans, kr. 7500.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, Þorvalds Þórarinssonar héraðsdómslögmans, kr. 10.000.00, greiði ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Gizurar Bergsteinssonar
og Jónatans Hallvarðssonar.**

Svo sem lýst er í héraðsdómi, réðust ákærðu ölvaðir inn í bæinn að Svartagili í Þingvallasveit hinn 24. október 1957.

þar sem húsráðandinn, Markús bóndi Jónsson, var einn heima. Frömdu ákærðu þar ofbeldisverk, hlýddu eigi boði húsráðanda um að hverfa á brott, en réðust á hann, beittu hann líkamlegum harðræðum og hröktu hann af bænum. Síðan dvöldust ákærðu einir manna á bænum og við hann, ákærði Sveinbjörn yfir eina klukkustund, en ákærði Reynir nokkru skemur. Á þeim tíma kviknaði í bæ og útihúsum, er brunnu til kaldra kola.

Ákærðu höfðu í verki verið samtaka um ofbeldisaðgerðir þær, sem leiddu til brottfarar húsráðanda og þar með hins hættulega ástands, sem þá skapaðist á bænum vegna dvalar ákærðu þar, eins og þeir voru á sig komnir. Samkvæmt prófum málsins er víst, að í hefur kviknað af völdum ákærðu, annars eða beggja, og ljóst er, að hvorugur þeirra hefur gert raunhæfa tilraun til að hefta eldinn eða afstýra afleiðingum eldsvoðans með öðrum hætti. Að svo vöxnu máli þykir eiga að færa háttsemi ákærðu beggja til 2. mgr. 257. gr. laga nr. 19/1940 auk 217. gr. og 231. gr. sömu laga.

Með þessum athugasemdum um forsendur stöndum við ásamt meiri hluta dómenda að dómi Hæstaréttar í máli þessu.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. marz 1959.

Ár 1959, þriðjudaginn 24. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1410—1411/1959: Ákærvaldið gegn Reyni Hjaltasyni og Sveinbirni Hjaltasyni, sem tekið var til dóms 24. f. m.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 28. ágúst 1958, er opinbert mál höfðað gegn ákærðu Reyni Hjaltasyni og Sveinbirni Hjaltasyni verkamönnum, báðum til heimilis í skála nr. 9 við Suðurlandsbraut, hér í bæ, fyrir að hafa fimmtudagskvöldið 24. október 1957:

I. Neitað að fara út úr bænum Svartagili í Þingvallasveit þrátt fyrir áskoranir bóndans þar, Markúsar Jónssonar, um að verða á brott úr bænum.

Telst brot þetta varða við 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Ráðist að bóndanum Markúsi Jónssyni inni í bæ hans, Svartagili, og veitt honum nokkra áverka á höfuð og hægri upp-handlegg, sem marðist nokkuð, en vinstra megin á höfði ofan við eyra bólгнаði hann, og þar blæddi undir húð. Hægra megin á enni hlaut hann stóra kúlu (hæmatom) og hrúfl, en á neðri vör innanverðri bólгнаði hann, og þar sprakk fyrir.

Brot þetta telst varða við 217. gr. nefndra laga.

III. Kveikt í nefndum bæ, Svartagili, sem gereyðilagðist af eldi ásamt öllu, sem í honum var, auk þess sem fjós og hlaða, full af heyi, brunnu til kaldra kola.

Telst brot þetta aðallega varða við 2. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga, en til vara við 3. mgr. þeirrar greinar.

Enn fremur er með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 28. ágúst 1958, opinbert mál höfðað gegn ákærða Sveinbirni Hjaltasyni fyrir þjófnað samkvæmt 244. gr. hegningarlaganna.

Þykir ákærði hafa brotið nefnt lagaákvæði með því að brjótast inn í Tækni h/f við Súðavog aðfaranótt 2. þ. m. og stela þar út-varpstæki, stimpilpúða, spíss af logsuðutæki o. fl.

Þess er krafizt, að báðir ákærðu verði dæmdir til refsingar og sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga svo og að þeir verði dæmdir til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Vitnið Markús bóndi Jónsson hefur krafizt þess, að ákærðu sæti refsingu fyrir atferli það, sem þeim er gefið að sök í ákæruskjali, dags. 28. ágúst 1958.

Ákærði Reynir Hjaltason er fæddur 12. maí 1932 í Reykjavík og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1940	6/6	Kærður fyrir reiðhjólástuld. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
1941	4/10	Kærður fyrir reiðhjólástuld. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
1950	17/11	Reykjavík: Sátt. 200 kr. sekt, 330 kr. skaðabætur, fyrir ölvun og spellvirki.
1955	31/1	— Sátt. 100 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
—	6/9	— Sátt. 400 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
—	1/10	— Kærður fyrir þjófnað. Ákæru frestað samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins 17/10 1955.

- 1955 8/12 Reykjavík. Sátt. 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1956 8/8 Siglufjörður. Sátt. 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 26/10 Reykjavík. Áminning fyrir brot á lögum nr. 73/1952.
- Ákærði Sveinbjörn Hjaltason er fæddur 27. nóvember 1930 í Reykjavík og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærur og refsingum:
- 1948 17/9 Reykjavík. Sátt. 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1949 13/2 — Sátt. 150 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 4/10 — Sátt. 150 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 12/12 — Kærður fyrir ölvun og spellvirki á dansleik, greiddi skaðabætur, kr. 90.50.
- 30/12 — Dómur. 60 daga fangelsi, skilorðsbundið, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir þjófnað.
- 1950 18/2 — Dómur. 60 daga fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1951 19/3 Akureyri. Sátt. 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
- 1952 21/2 — Sátt. 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
- 2/10 Reykjavík. Sátt. 300 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
- 1953 12/2 — Kærður fyrir sviksamlegt atferli. Fellt niður með bréfi dómsmálaráðuneytisins.
- 25/10 — Sátt. 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
- 24/11 — Áminning fyrir ósæmilega framkomu á almannafæri.
- 1954 9/1 — Sátt. 200 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
- 2/2 — Dómur. Fangelsi 3 mánuðir, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir þjófnað og spell.
- 4/2 — Sátt. 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
- 14/3 — Sátt. 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
- 23/3 — Áminning fyrir ölvun innanhúss.

1954	30/3	Reykjavík.	Sátt. 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
—	20/5	—	Sátt. 150 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
—	2/10	—	Sátt. 100 kr. sama.
—	3/10	—	Sátt. 150 kr. sama.
—	3/12	—	Sátt. 200 kr. sama.
—	18/9	Vestmanna.	Sátt. 100 kr. sekt sama.
—	26/4	Reykjavík.	Sátt. 250 kr. sama.
1955	23/8	—	Sátt. 150 kr. sama.
—	11/10	—	Sátt. 150 kr. sama.
—	12/10	—	Sátt. 150 kr. sama.
—	29/11	—	Sátt. 250 kr. sama.
1956	4/8	—	Sátt. 250 kr. sama.
1956	20/10	—	Dómur. 7 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 244. og 248. gr. hegningarlaganna.
1956	23/10	—	Sátt. 500 kr. sekt fyrir ölvun og ryskingar.
1957	22/2	—	Sátt. 300 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1958	11/3	—	Sátt. 300 kr. sama.
—	24/3	—	Sátt. 100 kr. sama.
—	3/4	—	Sátt. 100 kr. sama.
—	8/4	—	Sátt. 150 kr. sama.
—	2/5	—	Sátt. 300 kr. sama.
—	12/7	—	Sátt. 100 kr. sama.
—	10/10	—	Sátt. 50 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 73/1952.
—	16/10	—	Sátt. 100 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

Málavextir eru þessir:

I.

A. Vitnið Markús Jónsson hefur síðan á árinu 1929 verið ábúandi á jörðinni Svartagili í Þingvallasveit og lengstum haft ráðskonu. Jörðin er ríkiseign.

Í júlímánuði árið 1942 fluttist vitnið Bergljót Haraldsdóttir, nú til heimilis í bragga nr. 9 við Suðurlandsbraut, hér í bæ, að Svartagili, og í lok sama árs giftist það Sigurði Evja, syni vitnisins Markúsar. Ílentust þau hjónin í Svartagili, áttu skepnur þar og voru vitninu til aðstoðar við búskapinn.

Þau hjónin hafa eignast sjö börn saman, og er hið elzta fætt árið 1942 og hið yngsta árið 1956. Eitt barnanna andaðist árið 1950. Vitnið Bergljót dvaldist alltaf í Svartagili, en Sigurður Evja var langdvölum í vinnu annars staðar, bæði til sjós og lands, meðal annars á Keflavíkurflugvelli í eitt ár. Vitnið Bergljót kveður, að í janúar árið 1957 hafi maður þess farið til sjós og ekki komið aftur að Svartagili fyrr en um vorið, og þar hafi hann svo verið um kyrrt fram til 16. júní sama ár, en þá farið í burtu þaðan og ekki komið aftur. Kveður vitnið, að hann hafi verið óreglusamur og minna orðið úr vinnu hjá honum af þeim sökum, en sjálft kveðst vitnið hafa unnið mikið í Svartagili.

Vitnið Bergljót hefur einnig borið það, að Sigurður Evja hafi oft komið með kunningja sína að Svartagili, er þeir voru að drykkju. Meðal þeirra hafi verið ákærði Sveinbjörn Hjaltason, og minnir vitnið, að hann hafi fyrst komið þangað á árinu 1955, en eftir það kom hann oft þangað.

Vitnið Bergljót og ákærði Sveinbjörn þekktust því vel, þegar hann gerðist kaupamaður í Svartagili hinn 1. maí eða 1. júní 1957. Kveður vitnið, að hann hafi unnið vel og mikið sem kaupamaður.

Vitnið Markús hefur borið það, að sambúð þess og vitnisins Bergljótar hafi verið ágæt þar til um sumarið 1957, þegar vitnið komst að því, að einhver samdráttur var orðinn milli vitnisins Bergljótar og ákærða Sveinbjörns. Kveðst vitnið Markús hafa reynt að leiða því fyrir sjónir afleiðingar þessa, einkum fyrir börnin. Þá hafi vitninu gramizt, að einkum seinni hluta sumarsins hafi það komið nokkrum sinnum fyrir, að ákærði Sveinbjörn kom ölvaður í leigubifreið að Svartagili og lét vitnið Bergljótu greiða leigu bifreiðarinnar. Hafi vitnið sagt við vitnið Bergljótu, að svona gæti þetta ekki gengið til. Vitnið Markús kveður, að ekki hafi komið til orðasennu milli þess og ákærða Sveinbjörns út af samdrætti hans og vitnisins Bergljótar.

Laugardaginn 19. október greint ár hafði vitnið Bergljót tekið þá ákvörðun að skilja við mann sinn Sigurð Evja, og þriðjudaginn 22. sama mánaðar fór vitnið frá Svartagili til Reykjavíkur í þeim tilgangi að flytja þangað búferlum og leita þar atvinnu. Skildi vitnið eftir eigur sínar að Svartagili, en hafði með sér tvö yngstu börn sín, en hin börn þess fjögur voru þá ekki lengur þar.

Sama dag fór ákærði Sveinbjörn einnig þaðan alfarinn til Reykjavíkur, og voru þau vitnið Bergljót og hann samferða frá

Svartagili. Kveður hann, að ætlan þeirra hafi verið að stofna heimili hér í bænum, og hefur vitnið ekki neitað því, að svo hafi verið.

Ákærði Sveinbjörn fékk sér herbergi í Gesta- og sjómannaheimili Hjalpræðishersins í Kirkjustræti 2, en vitnið Bergljót fluttist til föður hans í bragga nr. 9 við Suðurlandsbraut, hér í bæ.

Eftir þetta var vitnið Markús eitt síns liðs í Svartagili.

B. Laust fyrir eða um hádegi fimmtudaginn 24. október kom ákærði Reynir Hjaltason, bróðir ákærða Sveinbjörns, til hans í herbergið í Gesta- og sjómannaheimilinu. Rétt á eftir kom þang- að einnig vitnið Svend Rindom listmálari, sem bjó þarna á sama stað, og þekkti það ákærða Sveinbjörn frá því að það hafði dvalizt um sumarið og haustið í Svartagili við að mála myndir. Vitnið Bergljót kom einnig um svipað leyti til þeirra, en fór strax burtu. Kveðst það hafa greitt leigu herbergisins til næsta dags fyrir ákærða Sveinbjörn og lánað honum 100 krónur fyrir mat.

Ákærðu og Svend urðu ásáttir um að kaupa flösku af ákavíti, og náði einn þeirra í hana. Tæmdu þeir úr flöskunni, en vitnið Svend kveðst hafa svo til ekkert drukkið úr henni, því að það þoli ekki ákavíti. Ákærði Sveinbjörn kveðst síðan hafa náð í eina whiskyflösku, og hafi þeir þrír drukkið langt niður í hana.

Vitnið Bergljót kveðst hafa farið til Hafnarfjarðar, en komið svo aftur til ákærða Sveinbjörns í Gesta- og sjómannaheimilinu, og voru ákærði Reynir og vitnið Svend þá enn hjá honum. Hafi þeir setið að drykkju og lítið verið eftir í flöskunni, og virtist það vera „fín“ tegund áfengis. Ákærði Sveinbjörn og Svend hafi verið mjög stilltir og rólegir og ekki sézt á þeim áfengi, en ákærði Reynir verið sýnilega undir áfengisáhrifum, ör og hávær. Vitnið Bergljót kveðst hafa dvalizt nokkra stund hjá þeim, en farið svo í burtu, og muni klukkan þá hafa verið milli 15 og 15.30.

Ákærði Sveinbjörn stakk síðan upp á því, að ákærðu og vitnið Svend færu austur til vitnisins Markúsar í Svartagili. Kveðst hann hafa stungið upp á þessu, bæði af því að hann vissi, að vitnið var eitt í bænum og vildi því gleðja það með því að gefa því áfengi, svo og af því að honum þótti leiðinlegt að halda drykkjunni áfram í herbergi Gesta- og sjómannaheimilisins og vildi því fara í ferðalag og halda drykkjunni áfram annars staðar, í bifreið og austur í sveit. Ákærði Reynir kveður, að sér hafi skilizt á ákærða Sveinbirni, að hann vildi tala við vitnið

Markús í Svartagili, og vitnið Svend kveður, að ákærði Sveinbjörn hafi stungið upp á því að fara til vitnisins Markúsar til að bjóða því áfengissopa.

Ákærði Reynir og vitnið Svend féllust á uppástungu ákærða Sveinbjörns, og héldu þau svo út úr gistihúsinu. Ákærði Reynir ætlar, að klukkan hafi þá verið farin að ganga 15, og vitnið Svend kveður, að hún hafi verið yfir 15, en ákærði Sveinbjörn gizkar á, að hún hafi þá verið um 16.

Rétt fyrir utan Gesta- og sjómannaheimilið hitt ákærði Reynir unnustu sína, vitnið Kristínu Kalmannsdóttur, Trípólicamp 50, hér í bæ. Kveður vitni þetta, að klukkan hafi þá verið um eða laust eftir 16.30, og hafi ákærðu verið báðir undir áhrifum áfengis og ákærði Reynir frekar mikið, en það hafi ekki sézt áfengi á vitninu Svend. Vitnið Kristín kveðst hafa spurt ákærða Reyni að því, hvert þeir væru að fara, og hann þá sagt, að þeir væru að fara austur að Svartagili og spurt vitnið, hvort hún kæmi ekki með þeim. Vitnið kveðst hafa verið til í það. Ekkert hafi verið minnst á það, hvert erindið væri þangað austur, og hafi vitnið gengið út frá því, að þetta væri hrein skemmtiferð. Hefur vitnið tekið fram, að nokkru áður hafi það farið ásamt ákærðu og vitninu Bergljótu austur í Svartagil til að skemmta sér, og hafi áfengi verið með í förinni og þau dvalið þar fyrir austan í nokkra daga.

Enn fremur hafi ákærði Reynir og vitnið farið austur þangað í nokkur skipti sumarið 1957 til að hitta ákærða Sveinbjörn og vitnið Bergljótu og verið þar næturlangt.

Þau héldu síðan fjögur saman í Borgarbílastöðina. Töluðu ákærðu þar við vitnið Kristján Haukdal Þorgeirsson, sem ók þá bifreiðinni R 6977 frá þeirri bifreiðastöð, og báðu það um að aka þeim austur að Svartagili, og var vitnið fúst til þess. Vitni þetta tekur fram, að það hafi nokkrum sinnum um sumarið 1957 ekið ákærða Sveinbirni þangað austur, og hafi vitnið Bergljót Haraldsdóttir verið með honum í nokkur skipti og vitnið Svend og ákærði Reynir í eitt skipti hvor. Vitnið Kristján Haukdal kveður, að ákærðu hafi þá verið eitthvað undir áhrifum áfengis, en ekki verið drukkinn. Vitnið Svend hafi verið eitthvað lítið undir áhrifum áfengis, en vitnið Kristín ekkert. Síðan óku þau fjögur í bifreið vitnisins Kristjáns Haukdals í áfengisverzlunina Nýborg, og keypti ákærði Sveinbjörn áfengi þar. Ákærði Reynir og vitnið Svend bera, að áfengið hafi verið ein whiskyflaska, en vitnin Kristín og Kristján Haukdal, að það hafi verið ein

flaska af bitter brennivíni, og ákærði Sveinbjörn sjálfur ber, að það hafi verið ein til tvær whiskyflöskur.

Því næst lögðu þau af stað áleiðis austur að Svartagili. Vitnið Kristján Haukdal heldur, að klukkan hafi þá verið um 17.30. Ákærði Sveinbjörn kveðst, þegar hér var komið, hafa fundið vel til áhrifa áfengis, og ákærði Reynir hafi verið orðinn ölv-aður og nokkuð æstur, en hins vegar hafi lítið borið á áfengis-áhrifum vitnisins Svend. Áfengisflaskan var tekin upp, og dreyptu ákærðu og vitnið Svend á henni, og var áfengið bland-að með gosdrykk, sem keyptur var í Mosfellssveit. Ekkert sér-stakt bar til tíðinda á leiðinni. Vitnin Kristján Haukdal og Kristín hafa bæði borið það, að ekkert hafi verið minnzt á vitnið Markús eða hvert erindið var austur. Vitnið Kristján Haukdal kveðst hafa haldið, að þetta væri venjuleg skemmtiferð, eins og fyrri ferðir ákærða Sveinbjörns austur þangað, og vitnið Kristín kveðst hafa haldið, að ætlunin væri að vera þar næturlangt og láta bifreið-ina fara til baka til Reykjavíkur.

Vitnið Kristján Haukdal kveður, að klukkan hafi verið um 19, þegar komið var austur að Svartagili, og vitnið Svend heldur einnig, að svo hafi verið. Fyrirnefnda vitnið kveður, að brenni-vínsflaskan hafi nú verið langt komin, en ákærðu ekki verið mjög ölv-aðir. Síðarnefnda vitnið kveðst nú hafa verið komið nokkuð undir áhrif áfengis og ákærðu hafi verið orðnir eitthvað ölv-aðir, ákærði Reynir þó öllu meira, og hafi hann verið orðinn óróleg-ur, en ákærði Sveinbjörn hafi verið rólegur.

Ákærðu og vitnið Kristín fóru síðan út úr bifreiðinni og inn í bæinn.

Framburðir ákærðu og vitna um það, hvað gerðist næst, eru mjög ósamhljóða, og þykir gleggst að rekja framburð hvers þeirra sérstaklega, fyrst framburð vitnisins Markúsar Jónssonar, síðan framburði ákærðu og að lokum framburði annarra vitna.

Vitnið Markús Jónsson hefur borið það, að um kl. 19 um-ræddan dag hafi það verið eitt heima í herbergi einu á efri hæð í Svartagili. Hafi það þá séð, hvar leigubifreið kom í hlaðið, og hafi ákærðu, sem verið hafi töluvert ölv-aðir, og ung stúlka stigið út úr henni. Hafi þau farið rakleitt inn í ólæstan bæinn, inn í eldhús á neðri hæð hans. Vitnið hafi svo heyrt einhvern hávaða þar niðri, en það hafi ekki skipt sér af því. Nú hafi bifreiðarstjórinn stigið út úr bifreiðinni og farið inn í eldhúsið, og hafi hann og ákærðu farið eitthvað að rífast út af ökugjaldi bifreiðarinnar. Bifreiðarstjórinn hafi síðan farið út úr bænum.

Vitnið kveðst nú hafa heyrt, að ákærðu lentu í áflogum, og síðan heyrði það brothljóð. Hafi vitnið þá farið niður í eldhús til þeirra og skipað þeim að hafa sig á brott, en hvorugur hafi hlýtt því. Vitninu hafi virzt, sem ákærðu ætluðu að ráðast á það, og hafi það þá gripið um járnstól, sem hægt var að leggja saman, reitt hann til höggs, en þó ekki þorað að slá með honum, þar sem það var hrætt um afleiðingarnar af því. Hafi það svo engum togum skipt, að ákærðu hafi báðir ráðizt á vitnið, og hafi viðureignin borizt inn í næsta herbergi. Ákærði Reynir hafi verið sýnu æstari en ákærði Sveinbjörn. Annar hinna ákærðu hafi slegið það vinstra megin í höfuðið, og hafi vitnið þá fallið við á legubekk. Ákærði Reynir hafi nú gripið óhlaðna haglabyssu (tvíhleypu), sem verið hafi milli legubekkjans og veggjar, og margmiðað byssunni á vitnið og sagt, er hann hafi opnað byssuna og séð, að engin skot voru í henni: „Nú drepum við þig. Hvar eru skot?“ Máské hafi ákærði Reynir einnig slegið það einu sinni í höfuðið með byssunni. Á meðan þessu fór fram, hafi ákærði Sveinbjörn legið ofan á vitninu og haldið um háls þess, en hann hafi svo linað tökin og því þá tekizt að standa á fætur. Það hafi svo komizt út úr bænum og út í fyrrgreinda bifreið, en í henni hafi þá verið auk bifreiðarstjórans áðurgreind stúlka, sem hafi farið út úr eldhúsinu, meðan á viðureigninni stóð, svo og danskur maður, sem það hafi ekki séð fyrr en þarna úti í bifreiðinni.

Ákærði Sveinbjörn Hjaltason hefur borið það, að þegar ákærðu komu inn í bæinn, hafi ákærði Reynir farið inn í eldhúsið, en hann (ákærði Sveinbjörn) kallað á vitnið Markús í ganginum, en enginn hafi svarað. Hafi hann þá farið inn í eldhúsið og séð, að ákærði Reynir hafði fengið drykkjuæðiskast og reynt þá að stilla hann, en það ekki tekizt. Vitnið Markús hafi svo birzt í eldhúsdýrunum og rétt á eftir hafi hann séð, að það var með einhvern hlut nokkuð stóran á lofti. Vitnið hafi sagt ákærðu að fara burtu, en ákærði Reynir hafi verið svo óður, að þeir hafi svarað því engu. Ákærði Sveinbjörn kveðst muna óljóst, hvað gerðist næst. Hann minnir, að vitnið Markús hafi slegið hann í bakið með hlutnum, sem það var með, og hafi þá ákærði Reynir ráðizt að því í því skyni að taka hlutinn af því. Ákærði kveðst þá hafa reynt að skilja þá og stilla ákærða Reyni, og hafi þá komið til nokkurra sviptinga á milli þeirra. Hann kveðst ekki minnast þess, að ákærðu, annar eða báðir, réðust á vitnið Markús og slægju það eða að til frekari áfloga kæmi milli

þeirra en nú var greint. Þá kveðst hann ekki minnst þess, að ákærðu eða vitnið Markús færu úr eldhúsinu í hliðarherbergi eða að ákærði Reynir tæki fram byssu og ógnaði vitninu með henni, og muni hann ekki eftir neinni byssu. Hins vegar muni hann eftir því, að ákærði Reynir braut gasljóskúpul í lofti eldhússins og kastaði ýmsum lausum munum frá sér í drykkjuæðiskastinu. Þá muni hann óljóst eftir því, að vitnið Kristján Haukdal fór eitthvað að skipta sér af ákærðu í eldhúsinu. Síðan kveðst ákærði Sveinbjörn muna eftir því, er hann var staddur fyrir utan bæinn.

Ákærði Reynir Hjaltason hefur borið það, að ákærðu hafi farið inn í eldhús í Svartagili, en að þeir hafi hvorki orðið varir við ákærða né nokkurn annan mann í eldhúsinu eða í bænum. Ákærðu hafi nú tekið fram glas úr skáp í eldhúsinu til að drekka áfengi úr því, en áður en þeir hafi dreypt á því, hafi vitnið Kristján Haukdal bifreiðarstjóri komið inn til þeirra og sagzt ekki vilja aka þeim lengur og krafið þá um ökugjald bifreiðarinnar, kr. 400.00. Ákærði Reynir kveðst hafa boðizt til að greiða því kr. 300.00 upp í ökugjaldið, en ekki meira, úr því að það vildi ekki aka ákærðu lengra, og kvaðst mundu greiða afganginn, kr. 100.00, þegar komið væri aftur til Reykjavíkur. Vitnið Kristján Haukdal hafi ekki viljað samþykkja þetta og talað um að skilja þá eftir og farið síðan út. Ákærðu hafi nú farið að rífast sín á milli út af bifreiðinni og ökugjaldinu, en þó ekki farið að slást. Í þessum svifum hafi vitnið Markús komið inn í eldhúsið og spurt þá að því, hvað þeir væru að gera þarna og sagt þeim að fara út. Ákærði Reynir kveðst þá hafa viljað fara út, en ákærði Sveinbjörn hafi sagt vitnið Markús vera að gera að gamni sínu og verið kyrr, og hafi ákærði Reynir þá einnig verið kyrr. Vitnið Markús hafi nú farið út úr eldhúsinu, en birzt skjótt aftur í dyrum þess og verið þá með haglabyssu í hendinni, en þó ekki miðað henni á ákærðu. Ákærði Reynir kveður sér hafa dottið í hug, að vitnið Markús hefði gert unnustu hans, vitninu Kristínu, eitthvert mein með byssunni og jafnvel skotið hana, og fyrst þess vegna hafi hann gengið til vitnisins Markúsar og þrifið byssuna af því. Hann heldur, að vitnið Markús hafi síðan farið á brott úr bænum og um leið hafi hann tekið byssuna í sundur, svo að hún yrði ónothæf, og fleygt henni einhvers staðar. Hann kveðst ekki minnst þess, að hann eða ákærði Sveinbjörn slægju vitnið Markús eða lentu í áflogum við það að því undan-teknu, að hann (ákærði Reynir) þreif byssuna af því, en ekki

hafi komið til neinna sviftinga milli þeirra út af því. Þá hafi ákærðu ekki farið inn í önnur herbergi á bænum en eldhúsið. Loks hefur ákærði Reynir neitað því að hafa sagt við vitnið Markús, eftir að hann hafði tekið byssuna af því, orðin: „Nú drepum við þig. Hvar eru skot?“ eða önnur slík orð, og neitar hann því einnig að hafa miðað byssunni á vitnið.

Vitnið Kristján Haukdal Þorgeirsson hefur borið það, að þegar það og vitnið Svend Rindom höfðu beðið úti í bifreiðinni um 5—6 mínútur eftir ákærðu og vitninu Kristínu Kalmannsdóttur, hafi það flautað bifreiðinni og hafi ákærði Sveinbjörn þá komið út. Vitnið hafi krifið hann um ökugjald bifreiðarinnar, en þetta hafi átt aðeins að vera skyndiferð austur þangað, og hafi bæði ákærðu og vitnið Kristín ætlað sér að vera þar eftir, en vitnið Svend hafi hins vegar ætlað að fara með vitninu aftur til Reykjavíkur. Ákærði Sveinbjörn hafi þá sagt, að ákærði Reynir mundi greiða ökugjaldið. Hafi vitnið þá farið með ákærða Sveinbirni inn í eldhúsið og þar hafi verið ákærði Reynir og vitnið Kristín og hann haldið utan um það. Vitnið Kristján Haukdal kveðst hafa krifið ákærða Reyni um ökugjaldið, kr. 400.00, en hann hafi af einhverjum ástæðum viljað aðeins greiða því kr. 300.00 þrátt fyrir tilmæli ákærða Sveinbjörns um, að hann greiddi ökugjaldið að fullu. Hafi ákærðu svo farið að rífast út af ökugjaldinu og síðan farið að slást. Vitnið Markús hafi þá komið allt í einu niður stigann og inn í eldhúsið og sagt ákærðu að fara burt úr bænum. Einnig hafi það tekið upp stól, sem leggja mátti saman, og ógnað ákærðu þannig. Þeir hafi þá hætt áflogunum sín á milli, og kveðst vitnið Kristján Haukdal ekki hafa getað betur séð en að ákærðu hafi báðir ráðizt á vitnið Markús og að minnsta kosti hafi þeir verið í áflogum við það. Vitnið kveðst ekki hafa séð ákærðu slá vitnið Markús, en annarhvor þeirra hafi hrint því með þeim afleiðingum, að það féll á bakhlutann. Kveðst vitninu ekki hafa litizt á þessar aðfarir og lagt aðra höndina á öxl Reynis og beðið ákærðu um að vera ekki að níðast á þetta gömlum manni. Ákærði Reynir hafi þá hrint því til, svo að það hentist fram á ganginn, og sagt við það um leið, að því kæmi þetta ekkert við. Hafi vitnið þá farið við svo búíð út í bifreiðina, þar sem Svend var. Rétt á eftir hafi vitnið Kristín komið út á hlaðið, og kveðst vitnið Kristján Haukdal hafa þá spurt það að því, hvort áflogin stæðu enn yfir. Hafi vitnið sagt það vera og gengið að eldhúsglugganum og gægzt inn um hann og kallað svo, að þeir væru komnir með byssu. Vitnið Kristján Haukdal kveðst hafa spurt vitnið að því, hverjir væru

með byssu, og það þá svarað: „Það eru strákarnir“. Vitnið Kristján Haukdal kveðst nú hafa farið út úr bifreiðinni til að reyna að skakka leikinn inni í eldhúsinu og beðið vitnið Kristínu um að fara inn í bifreiðina, og hafi vitnið gert það. Kveður vitnið Kristján Haukdal, að þegar það hafi komið að húströppunum, hafi vitnið Markús komið hlaupandi út úr húsinu og farið inn í bifreiðina. Hafi vitnið (Kristján Haukdal) þá snúið við og farið einnig í bifreiðina. Vitnið kveður, að ákærðu hafi haft brennivínsflöskuna með sér inn í eldhúsið í Svartagili og dreypt á henni þar.

Vitnið Svend Rindom hefur borið það, að um 5 mínútum eftir að ákærðu höfðu farið út úr bifreiðinni við Svartagil, hafi ákærði Sveinbjörn komið aftur út að bifreiðinni og skýrt frá því, að vitnið Markús væri heima. Hafi vitnið þá farið ásamt vitninu Kristjáni Haukdal út úr bifreiðinni og inn í eldhúsið á bænum, en það muni ekki, hvort vitnið Kristín fylgdist með þeim. Vitnið (Svend) hafi strax séð, að vitnið Markús var ekki að sjá í eldhúsinu, og hafi það því sagt við vitnið Kristján Haukdal, að það vildi halda strax aftur til Reykjavíkur. Vitnið Kristján Haukdal hafi verið því samþykkur og krafist ákærðu um ökugjald bifreiðarinnar, kr. 400.00. Ákærði Reynir hafi neitað að greiða meira en kr. 300.00, þó að hann hefði næga peninga og ákærði Sveinbjörn bæði hann um að greiða ökugjaldið að fullu. Ákærðu hafi nú farið að rífast út af ökugjaldinu, en vitnið og vitnið Kristján Haukdal hafi þá farið út úr bænum og vitnið Kristín verið þá þar úti fyrir. Þau þrjú hafi síðan farið inn í bifreiðina.

Vitnið Kristín Kalmannsdóttir hefur borið það, að þegar það og ákærðu komu inn í eldhúsið í Svartagili, hafi enginn maður verið þar. Þau hafi ræðzt þarna eitthvað við um daginn og veginn og muni vitnið ekki sérstaklega eftir því, hvort ákærði Sveinbjörn fór á meðan nokkuð út þaðan. Vitnið hafi svo heyrt flautuhljóð í bifreið, en það og ákærði hafi ekkert skipt sér af því. Rétt á eftir hafi vitnið Kristján Haukdal og Svend komið inn í eldhúsið, máské hvort í sínu lagi. Fyrrnefnda vitnið hafi krafist ákærða Reyni um ökugjald bifreiðarinnar, kr. 400.00, en hann hafi ekki viljað greiða meira en kr. 300.00, þó að ákærði Sveinbjörn vildi, að hann greiddi ökugjaldið að fullu. Hafi ákærðu farið að rífast út af þessu og síðan farið að slást, og hafi ákærði Reynir farið úr jakkanum. Hafi orðið hávaði af þessu og erfitt fyrir aðra að vera í eldhúsinu. Kveðst vitnið Kristín hafa staðið í dyrunum milli eldhússins og stofunnar, og hafi þeim verið hallað aftur, en vitnið Svend hafi skriðið undir borð í eldhúsinu. Vitnið muni

ekki, hvort vitnið Kristján Haukdal reyndi að skilja ákærðu og að hann legði hönd sína á öxl ákærða Reynis í því skyni og að hann hafi þá ýtt því burtu. Þá hafi vitnið ekki orðið vart við, að ákærði Reynir eða einhver annar bryti lampa í eldhúsloftinu eða að glerbrot væru á gólfinu. Vitnið Markús bóndi hafi svo allt í einu verið kominn í eldhúsdyrnar við ganginn og sagt ákærðu að fara út. Hafi það hafið á loft járnstól, sem leggja mátti saman og var þarna í eldhúsinu, og slegið ákærða Sveinbjörn í bakið með honum, þar sem hann var í áflogum við ákærða Reyni. Ákærðu hafi þá snúizt við og ráðizt að vitninu Markúsi. Vitnið Kristín kveðst ekki hafa séð, að ákærðu slægju vitnið Markús í höfuðið eða á annan stað, en leikurinn hafi svo borizt inn í stofuna við hliðina á eldhúsinu. Vitnið kveðst ekki hafa séð vitnið Markús detta eða hvað gerðist inni í stofunni, því að það hafi farið um leið á brott út úr bænum, vegna þess að það var orðið hrætt. Vitnið hafi gengið að leigubifreiðinni og séð þá, að vitnin Kristján Haukdal og Svend voru komnir inn í hana. Hafi vitnið verið á báðum áttum, hvort það ætti að fara inn í bifreiðina og máské fara í henni í burtu eða vera kyrr á staðnum. Hafi vitnið nú gengið að eldhúsglugganum á framhlið bæjarins og litið snöggvast inn um hann. Hafi það þá séð jakkalausan mann, sem því sýndist vera ákærði Reynir, standa í eldhúsinu rétt hjá dyrunum inn í stofuna og halda á langri byssu í höndum, eins og hann væri að miða henni inn í stofuna. Hvorki ákærður Sveinbjörn né vitnið Markús hafi verið í eldhúsinu, og sá vitnið þá ekki. Kveðst vitnið nú hafa strax farið út að bifreiðinni og sagt við vitnið Kristján Haukdal: „Þeir eru með byssu“ eða „Þeir eru komnir með byssu“. Vera megi, að Kristján Haukdal hafi spurt vitnið að því, hverjir væru með byssu, og það hafi þá svarað: „Það eru strákarnir“, en vitnið man það ekki sérstaklega. Rétt á eftir hafi vitnið Markús komið hlaupandi út að bifreiðinni.

Verða nú raktir framburðir ákærðu um, hvað gerðist næst í Svartagili.

Hinn 25. október 1957 bar ákærði Sveinbjörn það í sakadómi, að hann hafi ekki getað gert sér grein fyrir því, þegar hann var staddur einn síns liðs fyrir utan bæinn, hve langur tími var þá liðinn, síðan vitnið Markús birtist með byssuna. Hann hafi hvorki séð bifreið né nokkurn mann og ekki vitað, hvað orðið hafði af ákærða Reyni. Hann hafi gengið eitthvað burt frá bænum og verið kominn nokkuð þaðan og út í mikla aurleðju og verið að snúa við vegna hennar, þegar hann hafi séð glampa leggja frá

bænum. Hafi hann þá ákveðið að halda í átt þangað, og rétt á eftir hafi hann séð ljós bifreiðar, sem var á ferð þarna nokkuð frá. Hafi hann þá farið í átt til hennar og mætt henni á veginum að bænum. Bifreiðin hafi numið staðar og hann verið tekinn upp í hana og síðan farið að bænum. Þegar þangað kom, hafi hann séð, að eldur var laus í íbúðarhúsinu og farið að loga mikið í því. Neitaði ákærði Sveinbjörn því eindregið að vera valdur að eldsvoðanum.

Sama dag bar ákærði Reynir það, að eftir að vitnið Markús hafi verið farið í burtu og hann tekið byssuna í sundur og fleygt henni, hafi hann haldið rakleitt út úr bænum og fundið þá einhverja reykjarsvælu á ganginum, en ekkert athugað það frekar. Kolniðamyrkur hafi verið úti og hvorki bifreið né menn að sjá og hafi hann þá hlaupið út á þjóðveginn á undan ákærða Sveinbirni. Stuttu síðar hafi hann séð leigubifreið vitnisins Kristjáns Haukdals fara um veginn, en hún hafi ekki numið staðar, en litlu síðar hafi borið að aðra bifreið, sem numið hafi staðar hjá honum. Maður einn í bifreiðinni hafi handtekið hann og flutt hann í henni að Svartagili, sem þá hafi staðið í ljósum loga. Neitaði ákærði Reynir því eindregið að vera valdur að eldsvoða þessum.

Í sakadómi hinn 27. október 1957 kveðst ákærði Sveinbjörn vilja breyta framburði sínum í málinu og segja allan sannleikann, og sé hann þessi:

Vitnið Markús hafi farið út úr bænum, og rétt á eftir hafi hann heyrt, að bifreið var ekið í burtu þaðan. Hann hafi strax farið út á hlaðið til að gá að því, hvort þetta væri virkilega bifreið þeirra, og séð þá ljós bifreiðar, sem hlaut að vera hún, niður undir túnhlaði. Ákærði Reynir hafi gengið á eftir honum út í fremri gang bæjarins og sagt, þegar ákærði Sveinbjörn horfði á eftir bifreiðinni: „Helvítis beinin, þeir hafa farið með hana Kristínu frá mér,“ eða önnur lík orð. Síðan hafi hann bætt við: „Það er bezt að kveikja í helvítis kofanum.“ Ákærði Sveinbjörn kveðst þá hafa sagt strax án þess að horfa til ákærða Reynis: „Ertu alveg orðinn brjálaður, eða hvað gengur að þér?“ Í þessu hafi hann litið til ákærða Reynis og séð þá, að hann var kominn út úr fremri ganginum fram á tröppurnar og hafi eldsbjarmi verið í glugga á ganginum. Ákærði Sveinbjörn kveðst þá hafa strax gengið að dyrunum og séð þá, hvar eldur logaði í hálmi á einum vegg fremri gangins, en götóttar panelpilplötur hafi verið í veggjum hans, svo að skein í beran hálminn. Ákærði Reynir hafi gengið burt frá bænum og sagt um leið: „Þeir hafa tekið hana Kristínu frá mér.“

Ákærði Sveinbjörn kveðst ekki hafa séð ákærða Reyni vera með eldspýtur, þegar hann var á húströppunum og gekk þaðan burtu. Ákærði Sveinbjörn kveður, að eldurinn í ganginum hafi magnast á svipstundu, og hafi hann farið inn í ganginn og gripið föt, sem þar héngu, og reynt að kæfa eldinn með því að troða þeim í panelgötin, þar sem hann var mestur, en hann hafi þá á sömu stundu gosið út um önnur göt á þilinu. Ákærði hafi þá farið út úr ganginum og út í fjós í þeim tilgangi að leysa kýrnar, og hafi hann opnað fjósdyrnar, en vegna hugaræsings hafi hann gleymt að leysa þær. Eldurinn hafi haldið áfram að magnast, og hafi ákærði þá ákveðið að reyna að ná í einhverja hjálp og gengið í burtu frá bænum. Eldbjarmi hafi þá sést inn um eldhúsgluggann, og eldur hafi verið kominn, að því er hann minnir, í þakskuggið fyrir ofan fremri ganginn. Hann hafi munað eftir því, þegar hann var kominn spölkorn eða 10—15 mínútna gang frá bænum, að kýrnar voru enn bundnar í fjósinu og hafi hann þá snúið við til að leysa þær. Rétt á eftir hafi hann séð ljós bifreiðar, og var henni ekið í átt til hans, þar sem hann var við veginn. Hann hafi veifað til hennar og hún numið staðar, og hafi ákærði Reynir verið þá í henni. Þeir hafi síðan farið í bifreiðinni að Svartagili, og hafi þá bifreið vitnisins Kristjáns Haukdals verið þar fyrir.

Ákærði Sveinbjörn hefur borið það, að hann hafi ekki viljað segja strax hið sanna í málinu, af því að hann hafi ætlað ákærða Reyni að gera það, en síðan hafi hann séð sig um hönd og sagt sannleikann, þó að bitur væri fyrir ákærða Reyni og þó að honum væri erfitt að bera þannig sök á bróður sinn. Enn fremur kveðst ákærði Sveinbjörn ekki hafa viljað liggja saklaus undir grun um að vera valdur að eldsvoðanum í Svartagili.

Ákærða Reyni var þegar í sama dómpingi gerður kunnur framangreindur framburður ákærða Sveinbjörns. Hélt ákærður þá fast við fyrri framburð sinn um, að hann væri ekki valdur að eldsvoðanum í Svartagili og hefði hann þegar borið það í málinu, er hann gæti, og hefði frekari yfirheyrsla hans um eldsvoðann enga þýðingu. Komst hann þannig að orði, að hann hefði gefið sína skýrslu, og réði ákærði Sveinbjörn því, hvernig hann hefði sína. Nánar aðspurður og að gefnu tilefni frá dómara kvaðst ákærði Reynir ekki vilja svara þeirri spurningu, hvort hinn breytti framburður ákærða Sveinbjörns væri rangur né nokkurri annarri spurningu dómara um málið, og breytti það engu, þó að

vakinn væri sérstök athygli hans á ákvæðum 77. gr., 1. mgr., laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála.

Næsta dag var ákærði Reynir spurður á ný um það, hvort hann hefði ekki verið valdur að eldsvoðanum í Svartagili og hvort framburður ákærða Sveinbjörns daginn áður væri ekki réttur. Kvaðst hann þá hvorki svara þessum né nokkrum öðrum spurningum dómara um málið og gera sér grein fyrir því, að þögn hans kynni að verða skýrð honum í óhag. Hinn 31. október og 1. nóvember 1957 var hann enn yfirheyrður um málið, og hélt hann fast við þá ákvörðun sína að svara ekki spurningum dómara.

Hinn 5. nóvember 1957 var ákærði Reynir enn á ný yfirheyrður í sakadómi um málið og voru sömu spurningar lagðar fyrir hann og í dóminum 28. október. Lýsti hann því þá yfir, að hann vildi svara spurningum dómara, og var framburður hans þessi:

Hann kveðst nú ekki vilja halda því fram, að framburður ákærða Sveinbjörns um tildrögin að eldsvoðanum sé rangur, en þó að hann hafi hugsað mjög mikið um málið, geti hann ekki munað orðaskipti þau, er ákærði Sveinbjörn ber, að átt hafi sér stað á milli þeirra. Hann kveðst muna, að hann varð ofsareiður, þegar hann sá ekki vitnið Kristínu, og hélt hann, að henni hefði orðið eitthvað meint. Hins vegar muni hann ekki, hvað gerðist næst eftir þetta. Þannig muni hann hvorki eftir því, að hann segði: „Helvítis beinin, þeir hafa farið með hana Kristínu frá mér,“ eða önnur lík orð, né að hann hafi síðan bætt við: „Það er þá bezt að kveikja í helvítis kofanum“, né að ákærði Sveinbjörn hafi þá sagt: „Ertu alveg orðinn brjálaður, eða hvað gengur að þér?“ Þá muni hann heldur ekki eftir því, að hann kveikti á eldspýtu eða legði með öðrum hætti eld í ytri ganginn eða annan stað í húsinu. Hins vegar muni hann það, að hann fann reyklarlykt, þegar hann fór út úr ytri ganginum, en að hann hafi ekkert athugað lyktina frekar, því að öll hugsun hans hafi snúizt um að ná í vitnið Kristínu, og muni hann ekki, hvort hann staldraði við í ganginum. Hann hafi hvergi séð vitnið Kristínu og þá farið í burtu frá húsinu, og muni hann ekki, hvort eldur var þá orðinn laus í því. Kveðst hann ekki hafa orðið var við eld í húsinu, fyrr en hann kom aftur að bænum í bifreiðinni, sem tók hann upp á Þjóðveginum. Ákærði kveðst hafa verið með eldspýtur og vindlinga í förum sínum, þegar hann kom að Svartagili fyrst um kvöldið, og hafi hann verið enn með hvort tveggja, þegar hann var færður í varðhald. Loks tekur ákærði Reynir fram, að hann trúir því ekki, að

ákærði Sveinbjörn sé að bera annað í máli þessu en það eitt, sem hann viti, að er sannleikanum samkvæmt, enda hafi hann aldrei reynt hann að öðru. Kveðst ákærði Reynir bera fyllsta traust til hans og álíta, að hann sé ekki að bera annað en það, sem rétt sé.

Ákærði Sveinbjörn hefur tekið fram út af þessum framburði ákærða Reynis, að vera megir, að sakir ölvunar muni ákærði Reynir ekki frekar eftir atburðum þessum en hann hefur þegar borið.

Hefur samprófun ákærðu ekki frekari árangur borið.

Víkur nú sögunni aftur til vitnanna Markúsar, Kristjáns Haukdals, Svend og Kristínar. Vitnið Markús bað vitnið Kristján Haukdal um að aka þegar í stað niður á Þingvöll og til Guðbjörns Einarssonar, hreppstjóra á Kárastöðum. Varð vitnið Kristján Haukdal við því og ók bifreiðinni fyrst niður að Þingvallabæ, og voru greind fjögur vitni í henni.

Vitnið Svend kveður, að vitnið Markús hafi sagt þeim, að ákærðu hefðu báðir ráðizt á það og slegið það og verið að hugsa um að drepa það, og hefði annar þeirra slegið það í höfuðið með einhverju áhaldi, sem því skildist, að hefði verið ríffill eða byssa. Vitnið Kristín hefði þá farið út úr bifreiðinni og sagzt ekki vilja fara í burtu, en hún hafi þó fengizt til að koma aftur inn í bifreiðina. Kveðst vitnið Svend hafa séð, að vitnið Markús var með áverka á höfði.

Vitnið Kristján Haukdal kveður, að eftir að það og vitnið Markús voru komnir inn í bifreiðina, en áður en lagt var af stað frá Svartagili, hafi það séð, hvar ákærðu komu út úr bænum og öskruðu eitthvað upp. Hafi vitnið ekki sinnt því, heldur ekið rakleitt í burtu og ekki tekið eftir því, hvað um ákærðu varð. Vitnið Markús hafi verið með áverka á höfði og talað um, að ákærðu hefðu ógnað því með byssu, en hún hefði verið óhlaðin, ella væri hann máske dauður.

Bifreiðin nam staðar við Þingvallabæ, og hitti vitnið Markús vitnið Jóhann Hannesson þjóðgarðsvörð, sem þar býr, og kvaðst hafa orðið fyrir árás tveggja manna í Svartagili og bað það um að síma til vitnisins Guðbjörns hreppstjóra á Kárastöðum og tilkynna því atburðinn. Kveður vitnið Jóhann, að klukkan hafi þá verið um 19.10, því að nokkrum mínútum áður hafi það verið að rita póstkröfubréf og litið þá á úr sitt, sem hafi verið 19.07. Hringdi vitni þetta þegar til vitnisins Guðbjörns. Bað vitnið Markús vitnið Guðbjörn um að handtaka tvo menn úr Reykjavík, sem þá fyrir stuttri stundu hefðu komið til þess að Svartagili og ráðizt á það og slegið það, og myndu þeir vera þar enn. Vitnið

Jóhann bað vitnið Guðbjörn um að tala við lögregluna í Reykjavík og fá aðstoð hennar. Vitnið Guðbjörn kvaðst ekki hafa bifreið til taks og bað því vitnið Markús um að sækja það að Kárastöðum. Vitnin fjögur, Markús, Svend, Kristín og Kristján Haukdal fóru síðan í bifreið þess síðasttalda til að sækja vitnið Guðbjörn, en það hringdi á lögreglustöðina í Reykjavík og bað um, að lögreglumenn yrðu sendir hið skjótasta austur að Svartagili, og var því lofað, að það yrði gert. Vitnið Guðbjörn kveður, að klukkan hafi þá verið eitthvað yfir kl. 19.30. Einnig hringdi vitnið Jóhann um kl. 19.45 til götulögreglunnar í Reykjavík í sama skyni og vitnið Guðbjörn, en það vitni hringdi síðan til Guðmanns Ólafssonar, bónda á Skálabrekku, og vitnisins Gríms Víkings Þórarinssonar, bónda á Brúsastöðum, tilkynnti þeim tíðindin og bað þá um að koma sem skjótast að Kárastöðum. Vitnið Grímur Víkingur fór nú í bifreið sinni niður á Þjóðveginn til að setja bifreiðina þvert á hann og loka honum þannig. Í því bar þar að bifreið vitnisins Kristjáns Haukdals, en hún hélt áfram til Kárastaða. Rétt á eftir sá vitnið Grímur Víkingur ljós frá Svartagili og var það í fyrstu mjög lítið, en stækkaði fljótlega. Kvöldfréttir voru að hefjast í útvarpi bifreiðar vitnisins, og sýndi það, að klukkan var tæplega 20. Vitnið sannfærðist um, að eldur væri laus í Svartagili, og ók það rակleitt að Kárastöðum. Var þá bifreið vitnisins Kristjáns Haukdals komin þangað stuttu áður. Í þessu, eða kl. 20.10, hringdi vitnið Jóhann að Kárastöðum og tilkynnti, að þá tveim mínútum áður hefði verið hringt til þess frá Vatnskoti og því skýrt frá, að eldbjarmi sæist yfir Svartagili, og samtímis hefði verið hringt til þess frá Brúsastöðum og því skýrt frá, að mikill eldur sæist yfir Svartagili. Hringdi vitnið Jóhann þá strax til lögreglunnar í Reykjavík og tilkynnti tíðindin.

Var nú ákveðið að halda þegar frá Kárastöðum að Svartagili, og var farið í tveimur bifreiðum. Vitnin Markús, Svend, Kristín og Kristján Haukdal fóru í bifreið síðastnefnda vitnisins, en vitnin Guðbjörn og Grímur Víkingur fóru í bifreið þess síðarnefnda og fyrst smákrók til að sækja Guðmann bónda á Skálabrekku. Á leiðinni mættu fyrrnefndu vitnin fjögur ákærðu á Þjóðveginum, þar sem þeir voru gangandi í átt að Svartagili. Var ákærði Reynir kominn lengra frá bænum en ákærði Sveinbjörn. Kveður vitnið Markús, að ákærði Reynir hafi verið niðri á Leirum, en ákærði Sveinbjörn uppi undir Biskupsbrekkum. Vitnið Svend kveður, að 1—1½ km vegur hafi verið milli ákærðu, og hafi ákærði Sveinbjörn verið nokkur hundruð metra frá Svartagili. Vitnið Kristján

Haukdal kveður, að um 1 km hafi verið milli þeirra, og hafi ákærði Reynir verið óhreinn, eins og hann hefði dottið í leðju. Ákærðu veifuðu til bifreiðarinnar, en hún nam eigi staðar, og var ætlað til þess, að vitnin Grímur Víkingur og Guðbjörn handsömuðu ákærðu.

Það gerðu þessi tvö vitni. Tóku þau ákærða Reyni upp í bifreiðina innst eða innarlega á Leirunum, og kveða vitnin, að hann hafi þá verið undir áhrifum áfengis og vitnið Guðbjörn enn fremur, að hann hafi litið heldur illa út og eins og hann hefði lent í einhverjum ófærum, en verið rólegur. Vitnin tvö bera, að Grímur Víkingur hafi spurt ákærða Reyni að því, hvernig kviknað hafi í að Svartagili, og hann þá svarað: „Spurðu (hann) Bjössu bróður að því“. Vitnið Guðbjörn kveður, að hann hafi enn fremur sagt: „Hann er líklega að brenna inni,“ og tekið jafnframt fram, að bifreiðarstjórinn hefði rifið í sundur gasleiðslurnar og þá allt farið í bál. Vitnið Grímur Víkingur kveður, að ákærði Reynir hafi enn fremur verið spurður að því, hvar Bjössu bróðir væri, og hafi hann þá svarað: „Hann er ef til vill brunninn inni“, og enn fremur hafi hann getið þess, að hann hefði farið yfir girðingar og hróp að hvað eftir annað á Bjössu, en hann ekki svarað. Þá hefur vitni þetta tekið fram, að það hafi farið snöggvast út úr bifreiðinni og svo aftur fyrir hana, og hefði ákærði Reynir þá kunnað að hafa sagt einhver orð, sem það hafi ekki heyrt. Ákærði Reynir kveður, að rætt hafi verið í bifreiðinni eitthvað um, hvernig kviknað hefði í Svartagili, en hann minnst þess ekki að hafa sagt orð þau, sem greind tvö vitni hafa eftir honum og nú voru greind.

Stuttu eða nokkru síðar sáu vitnin tvö ákærða Sveinbjörn, þar sem hann mun hafa verið 500—600 metra fyrir neðan Svartagilstún, og tóku þau hann einnig upp í bifreiðina. Vitnið kveður, að ákærði Sveinbjörn hafi ekki verið undir áhrifum áfengis og rólegur og vitnið Grímur Víkingur, að hann hafi ekki virzt vera mikið undir áhrifum áfengis.

Þegar vitnin fjögur komu að Svartagili, var þar enginn maður, og var íbúðarhúsið orðið alelda og byrjað að kvikna í hlöðunni. Vitnin Markús og Svend fóru rակleitt út í fjós, og tókst þeim að bjarga öllum nautgripunum þar, átta að tölu. Eftir stutta stund komu fyrrnefnd tvö vitni með ákærðu á staðinn. Einnig komu nokkrir menn úr sveitinni með slökkvitæki, en þau gátu ekkert gagn gert, og loks komu klukkan rúmlega 21 þrír lögreglumenn úr Reykjavík, og var vitnið Borgþór Þórhallsson eitt þeirra. Það tókst ekki að hefta útbreiðslu eldsins og engu frekara tókst að

bjarga. Brann bærinn til kaldra kola, íbúðarhús, hlaða, fjós og fjárhús, sem var hálfgerzt.

Vitnið Borgþór Þórhallsson hefur borið það, að þegar lögreglu-mennirnir hafi komið að Svartagili, hafi ákærði Reynir setið inni í bifreið og verið sýnilega undir áhrifum áfengis og allæstur. Ákærði Sveinbjörn hafi staðið úti skammt frá brunastaðnum, og hafi hann einnig verið undir áhrifum áfengis, en rólegur.

Vitnið Markús hefur borið það, að á meðan Svartagil var að brenna, hafi ákærði Sveinbjörn staðið hinn rólegasti og horft á eldinn og ávarpað vitnið þá með þessum orðum: „Finnst þér ekki loga fallega?“ Hafi vitnið þá svarað: „Já, ert þú ekki ánægður?“, og ákærði Sveinbjörn þá svarað: „Jú, fullkomlega“.

Ákærði Sveinbjörn kveður, að mikið til hafi runnið af honum við að sjá íbúðarhúsið að Svartagili loga, og hafi hann ýmist setið inni í bifreiðinni eða staðið hjá henni. Vitnið Markús hafi komið til hans, meðan bærinn logaði, og sagt að fyrra bragði við hann: „Finnst þér þetta ekki skemmtilegt?“ eða eitthvað á þá leið. Hafi hann þá spurt það að því, hvort það væri að skella skuldinni á hann, eða eitthvað á þá leið.

Vitnin Svend og Guðbjörn segjast hafa heyrt á tal ákærða Sveinbjörns og vitnisins Markúsar, meðan bærinn var að brenna. Vitnið Svend kveður, að ákærði Sveinbjörn hafi þá spurt vitnið Markús: „Sýnist þér það ekki brenna fallega, Markús?“ Vitnið hafi svarað: „Þér finnst það brenna fallega“. Hann hafi þá svarað einhverju, sem það muni ekki hvað var. Vitnið Svend kveður, að ákærði Sveinbjörn hafi verið hinn rólegasti, og hafi verið sem bæjarbruninn hefði engin áhrif á hann. Vitnið Guðbjörn kveður, að hann hafi sagt við vitnið Markús: „Finnst þér þetta ekki fallett, Markús?“ eða önnur lík orð. Vitnið hafi svarað: „Finnst þér það fallett?“ og hann þá svarað: „Já, þín vegna.“

Vitnið Kristín kveðst hafa farið inn í bifreiðina, sem ákærði Reynir hafi komið á brunastaðinn í, og spurt hann að því, hvað gerzt hefði. Svör hans hafi verið ruglingsleg, og hafi hann talað um, að vitnið Markús hefði skotið á eftir ákærðu, en hann hafi ekkert talað um eldsupptökin.

Um kvöldið fannst myndavél og byssuskefti skammt fyrir utan eldhúsgluggann á bænum og vekjaraklukkan nokkuð skáhallt 3—4 metra frá glugganum. Klukkan var brotin og nokkuð beygluð, og höfðu vísar hennar stöðvazt kl. 19.25. Munir þessir hafa verið lagðir fram í málinu.

Vitnið Markús kveður, að skeftið hafi verið af byssu, sem son-

ur þess hafi átt og geymd hafi verið hjá áðurgreindri haglabýssu milli legubekks og veggjar í stofunni við eldhúsið. Þá kveðst vitnið Bergljót eiga myndavélina, og hafi hún átt að vera geymd efst í skáp í eldhúsinu, en ákærði Sveinbjörn eigi klukkuna, og hafi hún verið á útvarpstæki, sem stóð á borði í eldhúsinu.

Ákærði Sveinbjörn hefur staðfest þessa framburði vitnanna Markúsar og Bergljótar um, hvar munir þessir áttu að vera. Hann kveðst ekki geta sagt um, með hvaða hætti munirnir hafa komizt út úr bænum, en vera meg, að ákærði Reynir hafi fleygt þeim út úr eldhúsinu í drykkjuæðinu.

Ákærði Reynir kveðst ekki kannast við myndavélina eða vekjaraklukkuna, en telur sig þekkja byssuskeftið, og muni það vera af byssu þeirri, sem hann tók af vitninu Markúsi og tók síðan í sundur, eða a. m. k. sé byssuskeftið eins eða svipað og skeftið af þeirri byssu. Kveðst hann ekki muna, hvar hann lét skeftið, og muni hann heldur ekki til þess, að hann kastaði nokkrum mun út úr eldhúsinu eða út úr bænum.

Lögreglumennirnir fluttu ákærðu og vitnið Kristínu til Reykjavíkur og komu þangað um kl. 23 um kvöldið. Voru ákærðu færðir í varðhald. Vitnin Markús og Svend fóru með vitninu Kristjáni Haukdal til Reykjavíkur, og fór fyrstnefnda vitnið í Slysavarðstofuna og kom þangað kl. 0.45 um nóttina.

Rétt þykir í lok þessa liðs að víkja að því, sem fram hefur komið í rannsókn málsins um tal annars eða beggja hinna ákærðu í símann í Svartagili.

Vitnið Þórarinn Grímsson, 12 ára gamall, sonur vitnisins Gríms Víkings Þórarinssonar og einnig til heimilis á Brúsastöðum, hefur borið það, að umræddan dag hafi það verið að tala í síma við vitnið Helga Sigurð Þórisson í Stíflisdal í Þingvallasveit og heyrt þá allt í einu skruðninga í símanum. Síðan hafi maður komið í símann og sagt: „Halló, elskan, á pabbi þinn bíl?“ og hafi vitnið svarað því játandi. Þóttist vitnið vita, að maður þessi væri ákærði Sveinbjörn, sem verið hafði í Svartagili, og hafi það kallað til hans: „Bjöss!“ og hann þá svarað því játandi. Vitnið hafi síðan spurt hann að því, hvort það mætti tala við Markús, en hann þá sagt, að hann væri farinn, og hafi það þá spurt eftir Bergljótu, en hann þá svarað, að hún væri ekki heima. Stöðugur hávaði, sem virtist koma frá Svartagili, hafi heyrzt í símanum, og hafi hann verið eins og gler væri að brotna og aðrir hlutir að detta. Vitnið kveðst síðan hafa kallað

til föður síns og beðið hann um að hlusta á hávaðann og brothljóðin. Vitnið gizkar á, að það hafi talað við ákærða Sveinbjörn í um það bil 5 mínútur, en heyrt brothljóðin í nokkru lengri tíma.

Vitnið Helgi Sigurður Þórisson, til heimilis í Stíflisdal í Þingvallasveit, 13 ára að aldri, hefur borið það, að um kl. 1900 umræddan dag hafi það verið að tala í síma við vitnið Þórarinn Grímsson á Brúsastöðum, og hafi þá maður komið inn á línuna. Vitnið Þórarinn hafi spurt, hver þetta væri, og maðurinn þá svarað, að það væri Bjössi. Kveðst vitnið Helgi Sigurður þá hafa vitað, að þetta var ákærði Sveinbjörn, sem hafði verið í Svartagili. Vitnið hafi heyrt, að hann var undir áhrifum áfengis, og virtist sem hann vildi ná í símasamband við Kárastaði, því að hann hafi kallað til konu Guðbjörns hreppstjóra þar. Vitnið kveðst hafa heyrt hávaða og skruðninga, er virtust koma frá Svartagili, og hafi þá vitnið Þórarinn spurt ákærða Sveinbjörn að því, hvaða hávaði þetta væri. Hafi hann þá svarað á þá leið, að það væri bandvitlaus og óður maður hjá sér, en frekari orð hans muni það ekki og hafi því virzt það vera hálfgeru rugl, og einu sinni hafi það heyrt vein eða skerandi blástur. Vitnið gizkar á, að ákærði Sveinbjörn hafi verið um það bil 5 mínútur í símanum.

Vitnið Grímur Víkingur Þórarinnsson hefur borið það, að seinni hluta umrædds dags hafi vitnið Þórarinn sonur þess skýrt því frá, að það hefði verið að tala við dreng í Stíflisdal, og hefði Svartagil þá allt í einu komið inn í samtalið og hefði það talið sig þekkja ákærða Sveinbjörn í símanum. Kveðst vitnið Grímur Víkingur þá hafa farið í símann og heyrt í einhverjum manni. Hafi hann verið eins og drukkinn og hið eina, sem vitnið skildi, hafi verið setningin: „Bjössi bróðir er hraustur“. Svo hafi vitnið heyrt hávaða og brothljóð, en síðan ekkert, og hafi vitnið þá gert nokkrar tilraunir til að ná sambandi við Svartagil, en enginn svaraði þar.

Ákærði Sveinbjörn kveðst minnst þess, að ákærði Reynir hafi verið eitthvað að tala í símann í innri ganginum í Svartagili, og hafi hann þá gripið í símataekið. Hafi þá drengur spurt í símann: „Er þetta Bjössi?“ og hann svarað, að svo væri. Ákærða Sveinbjörn minnstir, að hann hafi spurt drenginn að því, hver hann væri, og að hann hafi þá sagzt vera frá Brúsastöðum. Einnig hálfminnstir hann, að drengurinn hafi spurt eftir Bergljótu og að hann hafi sagt, að hún væri ekki heima, en hann man ekki sér-

staklega eftir því, að drengurinn spyrði hann að því, hvort hann mætti tala við Markús og að ákærði svaraði því, að hann væri farinn. Hann man ekki heldur sérstaklega eftir því að hafa kallað til konu í símanum eða sagt orðin: „Halló elskan, á pabbi þinn bíl?“ Hann minnir, að ákærði Reynir hafi svo þrifið símatækið af honum og kippt í það, svo að símasnúran slitnaði.

Ákærði Reynir kveðst ekki minnast þess að hafa talað í síma í Svartagili í umrætt skipti og man heldur ekki til þess, að hann tæki símaáhalðið upp eða sliti símasnúruna. Hann man ekki heldur til þess, að ákærði Sveinbjörn talaði í símann eða ætti nokkuð við hann.

C. Með bréfi, dags. 16. október f. á., hefur jarðeignadeild dómsmálaráðuneytisins gefið dóminum meðal annars eftirtaldar upplýsingar um jörðina Svartagil:

„Öll hús á jörðinni eru byggð í tíð Markúsar Jónssonar.

Úttekt hefur aldrei farið fram, svo ekki er unnt að gefa glögga lýsingu á húsakosti.

Íbúðarhús, fjós og hlaða var byggt árið 1929.

Stærð íbúðarhúss var 370 teningsmetrar, hlaðan tók sem næst 300 hesta, og fjósið 7 gripi.

Húsin voru byggð úr steini, en innréttuð úr timbri.“

Samkvæmt upplýsingum brunadeildar Samvinnutrygginga nam brunabótamat íbúðarhúss og hlöðu að Svartagili haustið 1934 kr. 6.800.00, en að viðbættum hækkunum á byggingarvísitölu frá og með 15. október 1957 kr. 89.000.00.

Vitnið Markús Jónsson hefur lýst Svartagili þannig:

Íbúðarhúsið var steinsteypt, kjallari og ein hæð og ris. Hæðinni og kjallaranum var skipt í 4 herbergi og gang. Á hæðinni voru 3 herbergi, nokkurn veginn jafnstór, þ. e. 2 stofur og eldhús, en fjórða herbergið var minna en hin, sem ganginum nam. Allir milliveggir í kjallara voru úr steini, en á hæðinni aðeins milliveggurinn frá vestri til austurs. Öll gólf hússins voru úr timbri. Við austurhlið íbúðarhússins var heyhlaða, en austan við hana fjós, og var veggurinn þar milli úr timbri. Austurveggur fjóssins var úr steini. Báðir stafnar á fjósi og suðurhlið á hlöðu voru úr steini, en norðurstafn hlöðu úr timbri. Öll voru húsin sambyggð, en þó ekki innangengt úr íbúðarhúsi í hlöðu eða fjós. Austan við fjósið var gömul fjárhústóft, en fyrir norðan hlöðuna súrheysgryfja. Á hluta vesturhliðar íbúðarhússins var for-

stofa með einum glugga í vestur, en útidyr og tröppur úr forstofu á suðurhlið.

Þak forstofunnar var úr járni, en hliðar úr timbri. Að innan var hún þiljuð með panel, og var hann sums staðar farinn að gefa sig, eins og undir glugganum, þar sem göt voru á honum, enda orðinn nær 30 ára gamall. Vitnið man ekki sérstaklega eftir því, hvort eða hvernig veggir forstofunnar voru stoppaðir, en þeir kunna að hafa verið það, a. m. k. að einhverju leyti, en þetta man vitnið ekki fyrir víst. Í forstofunni var mikið geymt af fatnaði, bæði yfirhöfnum, jökkum og fleiri fötum, og var hann geymdur á snögum á vesturhlið hennar, nálægt útidyrunum. Innst í forstofunni voru tveir skápar, þar sem geymd voru ýmis konar smíðatól og verkfæri.

Við austurvegg eldhússins var langt borð úr timbri með skápum ofan á, við suðurvegg annað borð úr timbri án skápa, við vesturvegg klæðaskápur fullur af taui og við norðurvegg þess, fast við dyrnar inn í norðausturherbergið, var kolaeldavél með miðstöð, og var járnplata undir vélinni. Vitnið hafði eldavél þessa oftast í notkun, og var hún það umræddan dag, 24. október 1957. Bætti vitnið kolum seinast á hana milli kl. 15 og 16 um daginn, og gengur vitnið út frá því, að glóð hafi verið í vélinni, þegar ákærðu komu til þess.

Í norðvesturhorni eldhússins var gaseldavél, og var engin plata undir henni, heldur stóð hún á berum gólfúðuknum. Vélin var tengd með plast- eða gúmmíslöngu, sem gekk í gegnum vesturvegginn í öryggishana, sem skrúfaður var fastur á austurvegg gangsins. Frá hananum var slanga, sem tengd var í öryggisventil á gasgeymi, sem stóð á gólfinu í norðausturhorni gangsins. Vélin var öll í lagi ásamt bakaraofni, og notaði vitnið hana seinast umræddan dag til að hita sér kaffi, nokkru áður en ákærðu komu til þess. Topplata, grindur og brennarar vélarinnar var allt á sínum stað, seinast þegar vitnið vissi til.

Rafmagn var ekki í húsinu. Að vísu voru þar gamlar rafleiðslur, en þær voru ekki í notkun. Lýsing hússins var með gasljósum, svokölluðu Kosan-gasi, og var það leitt um húsið í eirrörum frá gasgeymi í ganginum.

Vitnið tekur fram, að þegar það yfirgaf bæinn, hafi aðeins verið logandi gasljós í eldhúsinu og ekki skrúfað frá öðrum gaskrönum.

Í kjallara hússins voru geymslur og þvottahús og í einu her-

bergi hænsni. Á efri hæð voru tvö svefnherbergi, og var gengið þangað upp úr ganginum.

Loks kveður vitnið Markús Jónsson, að legubekkurinn, sem það hafi fallið á í viðureigninni við ákærðu, hafi verið við vesturvegg norðausturherbergisins og byssurnar verið við suðurenda legubekklarins.

Vitnið Bergljót Haraldsdóttir hefur borið það, að forstofa íbúðarhússins að Svartagili hafi verið úr timbri og þakið járnklætt og gluggi verið á vesturhlið hennar. Hún hafi verið að innan klædd panel, sem hafi verið mjög gamall, slitinn og víða úr sér genginn og brotinn á nokkrum stöðum. Vitnið man ekki sérstaklega eftir því, að fyrir innan panelinn væri hálmur eða stopp, en þó kunni það að hafa verið. Tveir geymsluskápar hafi verið innst í forstofunni, en framarlega vestanmegin í henni hafi verið geymdur á snögum ýmis konar fatnaður, einkum utanyfirfatnaður. Kolaeldavél hafi verið nálægt miðju norðurveggis eldhússins og gaseldavél í norðvesturhorni þess. Báðar þessar vélar hafi verið í lagi og notaðar jöfnum höndum og daglega nema bökunarofn kolavélarinnar, sem hafi ekki verið notaður í mörg ár. Þá kveður vitnið Bergljót, að um mánaðamót september og október 1957 hafi það orðið vart við leka á leiðslunni að gaslampanum í eldhúslöftinu, þannig, að ef skrúfað var frá öryggishananum í ganginum, lak gas út í eldhúsið. Kveðst vitnið hafa bent vitninu Markúsi á þetta, sem hafi þá reynt að laga það, og eftir það hafi ekki orðið vart við gaslykt. Vitnin Guðbjörn Einarsson og Grímur Víkingur Þórarinsson hafa bæði borið það, að forstofa íbúðarhússins hafi verið úr timbri og járn verið á þakinu, en þau muna ekkert frekar eftir því, hvernig veggir hennar voru.

Vitnið Njörður Snæhólm, rannsóknarlögreglumaður í Reykjavík, til heimilis á Þingholtsbraut 11 B, Kópavogi, fór austur að Svartagili daginn eftir eldsvoðann og kom þangað kl. 12.30. Athugaði vitnið aðstæður, og segir í skýrslu þess um þá athugun meðal annars:

„Veggir og stafnar voru uppistandandi, en þakið fallið niður og allt brunnið, sem brunnið gat, og voru veggirnir því alveg naktir innan.“

„Á suðurstafni hússins voru tveir gluggar á kjallara, tveir á hæð og einn uppi í stafninum. Norðurstafninn var eins, en þar voru engir kjallaragluggar. Einn gluggi var á vesturhlið.“

„Fjós og hlöðupakið var fallið niður, og nokkur eldur var í

heyinu í tóftinni og gaus strax upp, er járnplötunum var lyft upp. Súrheysgryfjan var tóm.“

„Eldur logaði einnig í öllum herbergjum í kjallaranum og einnig í kjallara viðbyggingarinnar, en í honum munu hafa verið geymd kol meðal annars. Í kjallaraherbergjunum var alls konar drasl, járnplötur, rúmgrindur, dunkar og yfirleitt það, sem verið hefur á hæðinni og í risinu og fallið hefur niður og ekki verið brunafært. Loft og gólf virðast hafa verið úr timbri, því brunnir bitaendar voru í veggjunum.

Ekkert var þarna nálægt, sem skaðast hefði getað eða sem skaðað var af brunanum.“

„Rafmagn var ekki í húsinu. Húsið mun hins vegar hafa verið lýst með gasljósum frá svokölluðu „kosan-gasi“, sem er á málmdunkum. Þannig gasvél lá á milliveggnum milli suðurherbergjanna við reykháfinn, en veggurinn milli suður og norðurherbergja er steiptur upp, og á þessum sama vegg, sem steiptur er upp, hékk kolaeldavél í tveimur leiðslum, en húsið mun hafa verið hitað upp út frá þessari vél. Vél þessi hékk því sunnan á veggnum í suðausturherberginu og rétt austan við reykháfinn og millivegginn, sem gasvélin lá á, en hún var ótengd. Eldhólf og bakaraofn á kolavélinni var opið, og um hnefastór steinn var í bakaraofninum.

Gasvél lá, eins og áður er sagt, í ofnhurðinni á milliveggnum og vó þar salt. Ein löpp hennar nam við kolaeldavélina, og lá hún því skáhallt á veggnum með toppinn í suðvestur. Á topp vélarinnar eru þrjú göt fyrir brennara, en enginn brennaranna var í þeim. Einnig vantaði toppplötuna á vélina og grindurnar, sem eru í kringum brennarana. Ég fór niður í kjallarann í þeim tilgangi að leita að brennurunum og gróf þar í ruslið. Í suðvesturherberginu vestan við millivegginn, eða þeim megin sem toppur vélarinnar var, fann ég einn brennarann og eina grind. Einnig var gasdunkur í þessu hólfi. Austan við vegginn, þeim megin sem botn vélarinnar var, fann ég hina tvo brennarana. Toppplötuna og hinar tvær grindurnar fann ég hins vegar ekki, enda var hitinn svo mikill milli loganna, að ég hélzt ekki við nema smá-stund. Þetta bendir til, að gasvélin hafi verið rifin af mannavöldum og að brennararnir og ristarnar hafi verið rifið af vélinni, áður en undan henni brann.

Í norðvesturhorni í suðausturkjallarahólfi var þvottapottur og rétt austan við hann, við millivegginn, var miðstöðvarketill, en hann var lokaður. Ekki er hægt að segja neitt um það, með

hverjum hætti þarna hefur kviknað í, þegar gengið er út frá því, sem hægt var að sjá á staðnum.“

„Rétt er að geta þess, að gaskútur sá, sem lá í suðvestur kjallaraherberginu, var heill, þ. e. ósprunginn. Þó lá hann þar í eldi. Ekki var hægt að sjá á veggjunum innanverðum eða neinu öðru þarna inni, hvar eldurinn hefði byrjað eða verið mestur.“

Eftir hádegi 30. október 1957 fór vitnið Njörður Snæhólm aftur austur að Svartagili í þeim tilgangi að athuga brunarústirnar betur, ef ske kynni, að eitthvað frekara kæmi þá í ljós. Segir í skýrslu vitnisins um ferð þessa meðal annars:

„Enn logaði í heyinu og kolum í kjallaranum undir forstofunni, sem var. Einnig rauk úr N.A. horni S.A. herbergisins.“

„Þakjárníð var tekið upp úr N.A. herbergi. Um það bil fyrir miðju þess og um meter frá vegg lá ónýtt þrjónavél. Við suðurvegg innan um járníð og undir því lá talsvert af hnífum, skeiðum og göfflum og eitthvað af bollapörum. Allt ónýtt. Þá var þakjárníð tekið úr S.A. herbergi. Í um það bil miðju þessu herbergi lá lokið ofan af kosan-gasvélinni og var á hvolfi.“

„Kosan-leiðslurnar, sem fundust, voru brunnar og slitnar og ekkert hægt að segja um nýja eða gamla áverka á þeim.“

Vitnið Njörður Snæhólm hefur staðfest skýrslur þessar fyrir dómi og tekið þá fram að gefnu tilefni, að ekkert hafi verið eftir af forstofunni og hafi hún verið brunnin niður í gólf.

Ragnar Vignir, forstöðumaður tæknideildar rannsóknarlögregluunnar í Reykjavík, til heimilis að Miðtúni 76, hér í bæ, fór með vitninu Nirði Snæhólm austur að Svartagili í bæði skiptin og tók ljósmyndir og gerði uppdrætti af brunastaðnum.

Þá fékk dómurinn tvo sérfróða menn, vitnin Egil Hjörvar, eldvarnaeftirlitsmann Reykjavíkurbæjar, til heimilis á Langholtsvegi 141, hér í bæ, og Svein Guðmund Áka Kragh, vélstjóra við Elliðaár, til að athuga hitunartæki íbúðarhússins að Svartagili. Fóru vitni þessi austur þangað eftir hádegi 30. október 1957 um leið og lögreglumennirnir Njörður Snæhólm og Ragnar Vignir. Segir í skýrslu vitnanna um athugun þessa meðal annars svo:

„Í húsinu höfðu verið tvær kolaeldavélar og einn kolaofn, auk þess var þríhólfa „kosan“-gaseldavél í eldhúsi og þvottapottur í kjallara, er hitaður var með „kosan“-gasi.

Þar sem húsið var gerbrunnið og allt fallið niður í kjallara, að undanskilinni kolaeldavél og gaseldavél, er verið höfðu í eldhúsi, voru aðstæður til ákvörðunar um frágang hitunartækja mjög erfiðar. Eftir atvikum virðist allt benda til þess, að frágangur

hafi verið mjög viðunanlegur, reykrörstengingar sátu allar fastar í reykháfi. Koldaeldavél í eldhúsi stóð við steyptan millivegg og hafði ekki fallið niður eða hreyft úr stað, þar sem við hana voru tengdar rörlagnir frá hitalögn hússins, og héldu þær vélinni uppi. Gaseldavélin lá með framhlið ofan á millivegg og skorðaðist við kolaeldavél. Allir gaslokar eldavélar voru við athugun lokaðir. Brennarar og ristar yfir þeim höfðu fallið niður í kjallara og lágu við millivegginn, sem gaseldavélin lá á. Við leit fannst platan ofan af gasvél á kjallaragólfi, allfjarri þeim stað, sem gaseldavélin lá á.“

„Þvottapottur í kjallara var hitaður með „kosan“-gasi, virtist hann óskemmdur með öllu, en tengislöngur voru að sjálfsgöngu brunnar. „Kosan“-gashylki hafði verið staðsett í forstofu á hæð hússins, og lá það í kjallara þar undir. Öryggishetta hafði brunnið af hylkinu og gasið streymt út. Ekkert bendir til þess, að hylkið hafi valdið sprengingu. Gaslagnir allar voru það illa farnar í brunanum, að ógerningur er að segja um, hvernig þær hafa verið lagðar eða tengdar. Efni í gaslögnum, að fengnum upplýsingum bóndans og af því sem í rústunum fannst, var af venjulegri gerð, eirrör og koparskrúftengi.“

Vitnin Egill og Sveinn Guðmundur Áki Kragh hafa staðfest skýrslu þessa fyrir dómi, og hefur síðarnefnda vitnið tekið fram við það tækifæri, að það hafi annazt uppsetningu á kósan-eldavélum og öðrum kósan-tækjum, en þó ekki í Svartagili.

Vitnið Kristján Haukdal Þorgeirsson hefur borið, að það geti engar upplýsingar gefið um, hver hefur verið orsök eldsvoðans í Svartagili. Vitnið kveður, að ákærðu hafi reykt á leiðinni austur að Svartagili, en verið eldspýtnalausir, og hafi það þá gefið þeim næstum því fullan eldspýtnastokk, en það man ekki, hvor þeirra tók við honum. Vitnið kveðst ekki hafa reykt, meðan það dvaldist í bænum, og man það ekki til þess að aðrir, sem þar voru inni, gerðu það. Það hafði ekki orðið vart við, að nokkur kveikti á eldspýtu þar inni eða hefði þar um hönd óbyrgt ljós og það hafi heldur ekki orðið vart við reykjarsvælu inni í húsinu. Gasljós hafi logað í eldhúsinu, en vitnið hafi ekki orðið vart við neitt óeðlilegt við það. Þar hafi einnig verið gaseldavél og kolaeldavél, og á leiðinni til Reykjavíkur hafi vitnið Markús sagt því, að glóð hefði verið í síðarnefndu vélinni og hefði það verið hætt að kynda hana, nokkru áður en ákærðu komu til þess.

Vitnið Svend Rindom kveðst ekki hafa hugmynd um, hver hefur verið orsök eldsvoðans á Svartagili, og hafi það ekki orðið

vart við reyk inni í bænum, á meðan það dvaldist þar. Vitnið hafi verið að reykja vindling, þegar það kom inn í eldhúsið, en slökkt þar í honum í öskubakka og ekki kveikt þar í nýjum. Vitnið Kristján Haukdal hafi slökkt í vindlingi sínum, áður en það gekk í bæinn, og ekki reykt þar inni. Þá kveðst vitnið Svend ekki muna til þess, að ákærðu væru reykjandi inni í bænum. Kveður vitnið, að enginn eldur hafi verið kveiktur í eldhúsinu, meðan það var þar, en það minnir, að kolaeldavél hafi verið þar í gangi. Gasljós hafi logað í eldhúsinu, en vitnið hafi ekki orðið vart við neitt óeðlilegt við það.

Vitnið Kristín Kalmannsdóttir hefur borið það, að ákærðu og vitnið Svend hafi reykt í bifreiðinni á leiðinni austur að Svartagili og að vitnið Svend hafi reykt inni í eldhúsi, en það muni ekki til þess, að aðrir gerðu það. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við, að kveikt væri á eldspýtu þar inni, en kveður, að ákærði Reynir hafi hlotið að vera með eldspýtur á sér, af því að hann sé alltaf með þær. Vitnið kveður, að ljós hafi verið í eldhúsinu, þegar það og ákærði komu þangað inn, en kveðst ekki hafa orðið vart við, að ákærði Reynir eða einhver annar bryti þar lampa í lofti. Því hafi sýnt eldur vera í kolaeldavél, og hafi glóð áreiðanlega verið í henni, en það hafi ekkert athugað það frekar. Vitnið kveðst ekki hafa fundið gaslykt í eldhúsinu.

Vitnið Markús Jónsson kveðst ekki hafa orðið vart við, að gasljóskúpull í eldhúsloftinu væri brotinn.

Vitnið Grímur Víkingur Þórarinsson kveðst hafa heyrt á tal ákærðu, þegar þeir voru inni í bifreið þess, á meðan Svartagil var að brenna. Annar þeirra hafði sagt, að vitnið Markús hefði skotið á þá, en ekki hitt þá, en hins vegar gasljósið í eldhúsinu. Hinn hafi þá svarað eitthvað á þá leið, að það væri ekki rétt, vitnið Kristján Haukdal hefði slitið gasleiðslurnar af gasgeyminum (gaskútnum). Ákærði Sveinbjörn kveðst minnst þess, að ákærði Reynir sagði við hann í greint skipti, að vitnið Markús hefði skotið á þá, en ekki hitt þá, heldur gasljósið í eldhúsinu, en neitar því eindregið að hafa sagt við ákærða Reyni eitthvað á þá leið, að það væri ekki rétt og að vitnið Kristján Haukdal hefði slitið gasleiðslurnar af gasgeyminum (gaskútnum). Ákærði Reynir kveðst ekki muna sérstaklega eftir því að hafa sagt fyrrgreind orð, sem ákærði Sveinbjörn telur hann hafa sagt, og kveðst ekki muna eftir neinum orðaskiptum ákærðu í greint skipti.

Ákærði Sveinbjörn hefur, eins og áður er getið, borið, að ákærði Reynir hafi í drykkjuæðiskasti sínu brotið gaskúpul í lofti eld-

hússins í Svartagili. Kveður hann, að það hafi gerzt, áður en vitnið Markús birtist, og hafi hann þá verið frammi á gangi og því ekki geta sagt um, með hvaða hætti verk þetta var unnið, en kúpullinn hafi ekki verið í seilingshæð og því verið auðvelt að ná til hans og brjóta hann. Þá kveðst hann ekki minnst þess, að ákærði Reynir eða nokkur annar hreyfði eða ætti nokkuð við kolaeldavélina eða gasvélina í eldhúsinu.

Ákærði Reynir kveður, að ákærðu hafi verið reykjandi vindlinga, þegar þeir komu inn í eldhúsið á Svartagili, og minnir hann, að hann hafi slökkt í sínum vindlingi í vaski þar og hafi ákærðu ekki kveikt í nýjum vindlingi eða á eldspýtu þar inni. Hann muni ekki til þess, að hann bryti ljóskúpul í eldhúsloftinu, og hafi ljós verið þar og verið enn, þegar hann fór út þaðan. Þá minnst hann þess ekki, að hann hreyfði eða ætti nokkuð við eldavélarnar tvær í eldhúsinu, og kveður hann, að hiti hafi verið frá kolaeldavélinni.

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands var veður á Þingvöllum 24.—25. október 1957, sem hér segir:

Dags.	IMT.	Vindátt og veðurhæð	Veður	Skyggni	Hiti C°
24/10	1700	WSW 4	Rigning á síðustu klukkust.	15 km.	4.9
		WSW 1			
25/10	0800	WSW 1	Snjóél	4.5 km.	0.3

Vitnið Markús Jónsson telur fjártjón sitt vegna brunans í Svartagili vera tilfinnanlegt, því að allar eigur þess, sem inni brunnu, hafi verið óvátryggðar. Voru það nokkrir innanstokksmunir, fatnaður, matarforði til vetrarins, um 300 hestar af heyi, um 70 hænsni, tveir hundar, nokkur þúsund krónur í verðbréfum, nokkurt reiðufé og einn skápur fullur af bókum.

Þá kveðst vitnið Bergljót Haraldsdóttir hafa misst allar eigur sínar í eldsvoðanum. Voru það aðallega 3 djúpir stólar, 3—4 borð, 2 dívanar, bókaskápur fullur af bókum, eldhúsáhöld, rúmfatnaður, stór prjónavél, stór saumavél stigin svo og þvottapottur. Innbú vitnisins var vátryggt hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f fyrir kr. 25.000.00.

Þá hefur ákærði Sveinbjörn borið, að það litla, sem hann hafi átt, hafi hann misst í eldsvoðanum, fatnað sinn, myndir af börnum sínum og skyldfólki svo og aðra nauðsynjahluti, sem vinnumaður hefur og þarf að hafa hjá sér.

Vitnið Guðjón Lárusson, sem var læknir í Slysavarðstofu Reykjavíkur, þegar vitnið Markús Jónsson kom þangað umrædda

nótt, hefur gefið vottorð um meiðsli vitnisins þá, og segir í því meðal annars:

„Við komu hingað var hann (þ. e. vitnið Markús) vel hress. Púls 83 p.m., blóðþr. 170/90, pupillur jafnar. Hann kvaðst ekki hafa misst meðvitund við högginn.

Vinstra megin á höfði, ofan við eyrað (í reg. temporalis sin.) er hann bólginn (hæmatom) á tæplega lófastórum bletti og húðin þar yfir hruflluð, án þess þó að sprungið hafi fyrir. Hruflið nær svo alveg fram á vinstra gagnauga. Kvartar hann um dál. óþægindi við hreyfingar í kjáلكaliðnum þeim megin. Hægra megin á enni er hann með ca krónu stóra kúlu (hæmatom), og húðin þar yfir hruflluð. Á neðri vör innanverðri er hann dál. bólginn, og hefur þar sprungið fyrir. Á hægri upphandlegg er gómstór marblettur.

Á röntgenmyndum, sem teknar voru hér í and.-post og hliðarstellingu, var ekki hægt að greina brot á höfuðbeinum.“

Vottorð þetta hefur læknirinn staðfest fyrir dómi, en tekið þá fram, að nákvæmara væri að segja í stað þess að húðin hafi verið hruflluð, að smáblæðingar (petechiur) hafi verið undir henni.

Hinn 19. nóvember 1957 var kveðinn upp úrskurður í sakadómi um, að rannsókn skyldi fram fara á andlegum og líkamlegum þroska, heilbrigðisástandi svo og á sakhæfi Reynis Hjaltasonar og að hann skyldi lagður undir rannsókn sérfræðings í þessu skyni. Var Þórði Möller, deildarlækni í Kleppsspítalanum, hér í bæ, falið verk þetta. Niðurstaða læknisins í skýrslu hans, dags. 6. marz 1958, er þessi:

„Álit mitt á Reyni Hjaltasyni er því:

Hann er hvorki fáviti né geðveikur, heldur *mjög treggefinn* maður með kleifhugaskapgerð og geðveill (schizoid psykopat), og verður geðveila hans að teljast á háu stigi. Hann er yfirleitt dagfarsgóður, en einrænn, innhverfur, þrár og framkvæmda-snauður; við vín verður hann einatt óviðráðanlegur og allt að því viti sínu fjær, og í slíku ástandi er hann grunaður um að hafa unnið óhappaverk, sem hann gerir sér grein fyrir, að er í fyllsta máta refsivert, en getur hvorki játað á sig eða neitað vegna óljósra vitundar um, hvað skeði.“

D. Kemur nú til álita, hvort ákærðu hafa gerzt sekir um þá háttsemi og þær lagagreinar, sem um getur í ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 28. ágúst f. á.

1. Með vitnaframburði þeim svo og með framburðum ákærðu

sjálfra, sem raktir eru í B-lið hér að framan, er nægileg sönnun fram komin fyrir því, að vitnið Markús Jónsson, ábúandi að Svartagili, skoraði á ákærðu að hafa sig brott úr bænum, en þeir hlýddu því ekki. Hafa þeir með þessari háttsemi sinni gerzt brotlegir gegn 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

2. Það er upplýst með framburðum vitnanna Kristjáns Haukdals Þorgeirssonar og Kristínar Kalmannsdóttur svo og með framburði vitnisins Markúsar Jónssonar sjálfs, sem raktir eru í B-lið hér að framan, að síðastnefnt vitni greip til járnstóls og reiddi hann til höggs. Kveðst vitnið hafa gert þetta, þar eð því virtist sem ákærðu ætluðu að ráðast á það, en það hafi þó ekki þorað að slá þá með stólnum vegna afleiðinganna, sem af því kynnu að hljóta, og er ósannað, að það hafi slegið þá með honum. Þá verður að telja sannað — og þykja framburðir ákærðu styðja það frekar en að vera því í gegn — að ákærðu réðust síðan að vitninu Markúsi og slógu það, en fyrrnefnd framkoma þess verður ekki talin hafa nægilega réttlætt það. Samkvæmt framburðum vitnisins og ákærða Sveinbjörns sýnist sem ákærði Reynir hafi greitt því högg- ið eða högginn, en ákærði Sveinbjörn haldið því á meðan, en annars er þátttaka hvors þeirra í árásinni nokkuð á huldu. Verður þeim báðum gefin sök á meiðslum þeim, sem vitnið hlaut í árásinni og greind eru í vottorði Guðjóns Lárussonar læknis. Hafa ákærðu því báðir með atferli sínu gerzt brotlegir gegn 217. gr. hinna almennu hegningarlaga.

3. Það er ósannað með öllu, að ákærðu og félagar þeirra hafi farið austur að Svartagili í öðrum tilgangi en þeim, sem ákærði Sveinbjörn hefur haldið fram, þ. e. að skemmta sér og gefa vitninu Markúsi Jónssyni áfengissopa.

Þá verður að telja, að ekkert það hafi komið fram í málinu, sem af megi ráða eða geri það líklegt, að eldsvoðinn hafi stafað út frá eldavél, útbúnaði ljósa eða annarra tækja eða hlotizt af reykingum eða annarri óvarlegri meðferð elds.

Vitnin Markús Jónsson, Kristján Haukdal Þorsteinsson, Svend Rindom og Kristín Kalmannsdóttir voru nýfarin frá bænum, þegar eldsvoðann bar að höndum, og hafa þau ekki getað gefið upplýsingar um upptök hans né orsakir.

Ákærðu voru þá einir eftir þar og því eigi aðrir til frásagnar um það mál.

Ákærði Sveinbjörn hefur staðfastlega neitað því að vera valdur að eldsvoðanum. Í fyrstu bar hann, að hann hefði verið kominn nokkuð frá Svartagili, þegar hann hafi séð glampa leggja

þaðan. Hafi hann þá snúið við og komizt í bifreið til bæjarins og séð þá, að eldur var laus og farið að loga mikið í íbúðarhúsinu. Síðan breytti hann framburði sínum á þann veg, sem nánar er rakið í B-lið hér að framan, að ákærði Reynir hafi sagt: „Helvítis beinin, þeir hafa farið með hana Kristínu frá mér“ eða önnur lík orð og bætt síðan við: „Það er best að kveikja í helvítis kofanum.“ Hann hafi þá litið til ákærða Reynis og séð, að hann var kominn úr fremri gangi og út á tröppur bæjarins og hafi eldsbjarmi verið í glugga á ganginum. Kveðst ákærði Sveinbjörn þá hafa gengið strax að dyrunum og séð, hvar eldur logaði í hálmi í einum vegg gangsins, og hafi hann reynt án árangurs að kæfa eldinn með fötum, sem þar hafi verið.

Við mat á sönnunargildi framburðar þessa ber að hafa í huga bæði það, að hér er ákærður maður að bera af sér sök og beina henni að meðákærða sínum, svo og það, að meðákærði er bróðir hans.

Í málinu hefur ekkert það komið fram, sem sýni, að seinni framburður ákærða Sveinbjörns sé í einhverjum atriðum rangur, þá þykir það ekki þurfa að rýra gildi framburðarins, að ákærði Sveinbjörn bar í fyrstu nokkuð á annan veg, enda hefur hann gefið þá skýringu á því, að hann hafi ætlað ákærða Reyni að bera hið sanna í málinu, en síðan hafi hann séð sig um hönd, þar sem hann hafi ekki viljað liggja saklaus undir grun um að vera valdur að eldsvoðanum og sagt sannleikann, þó að bitur væri fyrir ákærða Reyni og þó að honum væri erfitt að bera þannig sök á bróður sinn.

Þá hafa komið fram nokkur atriði í rannsókn málsins, sem gætu verið til stuðnings framburði ákærða Sveinbjörns, og eru þau þessi:

Það er sannað, að ákærði Reynir var orðinn talsvert ölvaður, þegar ákærðu og félagar þeirra komu að Svartagili, og gerðist ákærði Reynir þar mjög æstur og fékk jafnvel drykkjuæðiskast.

Ákærði Reynir hefur viðurkennt að hafa orðið ofsareiður, þegar hann sé hvergi unnustu sína, vitnið Kristínu Kalmannsdóttur, og haldið þá, að henni hefði orðið eitthvað meint.

Ákærði Reynir var með eldspýtur í fórum sínum.

Sannað er með framburði vitnanna Markúsar Jónssonar og Bergljótar Haraldsdóttur, að föt voru meðal annars geymd í fremra gangi Svartagils, og voru veggir hans úr timbri og þiljaðir að innan með panel, sem var orðinn bæði gamall og götóttur. Bera

bæði vitnin, að veggirnir kunni að hafa verið stoppaðir, þó að þau muni það ekki sérstaklega.

Hér kemur enn til framburður ákærða Reynis sjálfs. Fyrst í stað vill hann ekki svara þeirri spurningu, hvort framburður ákærða Sveinbjörns sé réttur eða rangur. Síðan lýsti hann því yfir, að hann vilji ekki halda því fram, að framburður þessi sé rangur, en hann geti ekki munað orðaskipti þau, sem ákærði Sveinbjörn ber, að átt hafi sér stað milli þeirra, og muni hann ekki eftir því, að hann kveikti á eldspýtu og legði eld í ytri gang eða annan hluta bæjarins. Þá kveðst hann ekki trúá því, að ákærði Sveinbjörn sé að bera annað í málinu en það eitt, sem hann viti, að er sannleikanum samkvæmt, enda hafi hann aldrei reynt hann að öðru. Kveðst ákærði Reynir bera fyllsta traust til hans og álíta, að hann sé ekki að bera annað en það, sem rétt sé.

Loks ber að geta þess í framburði ákærða Reynis, að geðveikrælæknirinn, sem rannsakaði hann, hefur talið, að við vín verði hann „einatt óviðráðanlegur og allt að því viti sínu fjær, og í slíku ástandi er hann grunaður um að hafa unnið óhappaverk, sem hann gerir sér grein fyrir, að er í fyllsta máta refsivert, en getur hvorki játað á sig eða neitað vegna óljósrar vitundar um hvað skeði.“

Samkvæmt framansögðu svo og að öðru leyti með tilvísun til málavaxta, eins og þeir hafa verið raktir hér að framan, þykir ekki aðeins mega hafna þeim möguleika, að fyrrgreiddur framburður ákærða Sveinbjörns sé uppspuni frá rötum, fram borinn í því skyni að koma sök af sjálfum honum yfir á saklausan eða meðsekan bróður sinn einan, heldur þykir framburðurinn vera einnig studdur þeim rökum, að leggja verður hann til grundvallar í málinu. Er því lögfull sönnun fram komin fyrir því, að ákærði Reynir kveikti af ásettu ráði í bænum Svartagili með þeim afleiðingum, að hann og allt það, sem í honum var, gereyðilagðist, auk þess sem fjós og hlaða, full af heyi, brunnu til kaldra kola. Hins vegar ber að sýkna ákærða Sveinbjörn af ákæru um að vera meðsekur ákærða Reyni um verknað þenna. Ákærði Reynir hefur með þessu atferli sínu gerzt brotlegur gegn 257. gr., 2. mgr., hinna almennu hegningarlaga.

II.

Kl. 3.40 aðfaranótt laugardags 2. ágúst 1958 tilkynnti vitnið Jón Finnbogi Kjartansson framkvæmdastjóri, til heimilis að Ósi

við Snekkjuvog, til lögreglustöðvarinnar, að verið væri að brjótast inn í hús vélsmiðjunnar Tækni h/f við Súðarvog, hér í bæ. Lögreglumennirnir vitnið Bjarni Hólm Bjarnason, Urðarbraut 1, Smálöndum, og Sigurður Sigurðsson, Sogamýrarbletti 32, hér í bæ, fóru að sinna þessu. Þegar vitni þessi komu á vettvang, sáu þau, að rúða í glugga á fyrstu hæð vélsmiðjuhússins hafði verið brotin og að dyr smiðjunnar voru opnar, en smekklás fyrir þeim. Vitnin fóru inn í smiðjuna, en fundu engan mann þar, og héldu þau þá þaðan út aftur og sáu þá, hvar ákærði Sveinbjörn Hjaltason var þar talsvert ölvaður fyrir utan útidyrnar. Viðurkenndi hann strax að hafa þá rétt áður brotið og farið inn um gluggann og inn í smiðjuna. Ákærði Sveinbjörn var blóðugur og með smááverka á höndum og í andliti, og kvaðst hann hafa hlotið þá við innbrotið. Var hann fluttur á lögreglustöðina, og reyndist hann þar hafa í vösum sínum ýmsa smáhluti, sem telja verður upplýst, að hafi verið þessir: stimpilpúði, spiss af logsuðutæki, skrufjárn, stækkunargler og heftari.

Vitnið Haraldur Sigurðsson, verkstjóri hjá Tækni h/f, til heimilis að Nökkvavogi 3, hér í bæ, hefur borið það, að allir þessir munir hafi verið úr greindri smiðju og hafi verð þeirra verið í kringum 500 krónur. Þá kveður vitni þetta, að þegar það hafi komið í vélsmiðjuna morguninn eftir innbrotið, hafi útvarpstæki, sem átti að vera þar inni, verið rétt fyrir utan húsið. Verð tækisins hafi verið í kringum 800 krónur.

Vitnið Jón Finnbogi Kjartansson hefur borið það, að umrædda nótt hafi það verið andvaka á heimili sínu og þá farið fram úr rúminu, gengið að glugganum og litið út um hann. Hafi það þá séð, hvar maður, sem það þekkti ekki og getur ekki lýst nánar, kom gangandi eftir Súðarvogi, staðnæmdist við hús Tækni h/f og tók í hurðarhún aðaldyra hússins. Því næst hafi hann gengið að næsta glugga hússins, litið inn um hann og síðan tekið upp stein eða einhvern annan hlut af jörðinni, barið með honum í gluggarúðuna, sem brotnaði, og farið síðan inn um hinn brotna glugga. Kveðst vitnið þá hafa hringt á lögreglustöðina og tilkynnt atburðinn. Rétt á eftir hafi það séð, að aðaldyr vélsmiðjuhússins opnuðust og kom fyrrgreindur maður út um þær. Örstuttu síðar hafi lögreglumenn komið á vettvang og farið inn í smiðjuna, en komið þaðan fljótt út aftur og handtekið manninn, sem var þá fyrir framan útidyrnar.

Ákærði Sveinbjörn hefur borið það, að seinni hluta föstudags 1. ágúst s.l. hafi hann neytt áfengis einn síns liðs hér í miðbænum

og orðið ölvaður. Um kvöldið hafi hann farið austur í Herskálakamp, dvalið þar um tíma og haldið áfram að neyta áfengis og orðið svo ölvaður, að hann hafi hætt að muna eftir sér. Hann hafi næst munað eftir því, að lögreglumenn voru að handtaka hann blóðugan á höndum fyrir utan eitthvert verksmiðjuhús eða verkstæði, og skýrðu þeir honum frá því, að hann hefði brotízt inn í húsið. Þar næst hafi hann munað eftir því, að hann var staddur á Slysavarðstofunni, þar sem verið var að gera að handarmeisli um hans, sem reyndust vera lítil. Þráspurður kveðst hann ekki muna atburði frekar en nú var greint og meðal annars muni hann ekki eftir því, að hann bryti rúðu, færi inn í verksmiðju eða verkstæði eða að hann tækj nokkurn mun að ófrjálsu. Þá kveðst hann ekkert kannast við munina, sem hann var með á lögreglustöðinni, og ekkert muna eftir þeim eða eftir veru sinni þar. Hann kveðst þó ekki vilja vefengja framburði vitna þeirra, sem leidd hafa verið í málinu og raktir hafa verið, og hefur hann ekkert sérstakt haft við þá að athuga.

Samkvæmt málavöxtum þeim, sem nú hafa verið raktir, verður að telja, að nægileg sönnun sé fengin fyrir því, að ákærði Sveinbjörn hafi gerzt sekur um atferli það, sem í ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 25. ágúst f. á., getur. Varðar þetta atferli ákærða Sveinbjörns við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

III.

Refsing ákærða Reynis Hjaltasonar þykir með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár.

Refsing ákærða Sveinbjörns Hjaltasonar þykir með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna og með tilliti til fyrri refsidóma hans hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði Reynir Hjaltason sat í gæzluvarðhaldi frá 25. október 1957 til 8. marz 1958, og ákærði Sveinbjörn frá 25. október 1957 til 25. nóvember sama ár. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna þykir rétt, að þessi gæzluvarðhaldsvist þeirra komi með fullri dagatölu refsingu þeirra til frádráttar.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærðu kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Bótakröfur hafa ekki verið hafðar uppi í málinu.

Ákærða Reyni Hjaltason ber að dæma til að greiða málflutningslaun skipaðs verjanda síns, Einars B. Guðmundssonar hæsta-

réttarlögmanns, kr. 4.000.00, og ákærða Sveinbjörn Hjaltason ber að dæma til að greiða málflutningslaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar E. Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00. Ákærðu ber að dæma in solidum til greiðslu alls annars kostnaðar sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda málsins, Þorvalds Þórarinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákærði Reynir Hjaltason sæti fangelsi í 2 ár.

Ákærði Sveinbjörn Hjaltason sæti fangelsi í 8 mánuði.

Gæzluvarðhaldsvist ákærða Reynis Hjaltasonar frá 25. október 1957 til 8. marz 1958 og ákærða Sveinbjörns Hjaltasonar frá 25. október 1957 til 25. nóvember 1957 komi með fullri dagatölu refsingu þeirra til frádráttar.

Ákærðu eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði Reynir Hjaltason greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00. Ákærði Sveinbjörn Hjaltason greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar E. Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00. Ákærðu greiði in solidum allan annan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda málsins, Þorvalds Þórarinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 5.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.
